

KRÖFULÝSING
FJÁRMÁLA- OG EFNAHAGSRÁÐHERRA
F.H. ÍSLENSKA RÍKISINS
UM ÞJÓÐLENDUMÖRK Á SVÆÐI 12;
EYJUR OG SKER

HLUTI C
NORÐURLAND EYSTRÁ

EFNISYFIRLIT

1.	ALMENN ATRIÐI	3
2.	UM FRAMSETNINGU KRÖFULÝSINGAR OG KRÖFUGERÐAR	4
3.	ALMENNT UM C HLUTA KRÖFUSVÆÐIS, NORÐURLAND EYSTRÁ...6	
3.1.	Afmörkun kröfusvæðis	6
3.2.	Sveitarfélög á kröfusvæðinu	6
4.	KRÖFUSVÆÐI C, NORÐURLAND EYSTRÁ	7
4.1.	Norður-Þingeyjarsýsla	7
4.2.	Suður-Þingeyjarsýsla.....	7
4.3.	Eyjafjarðarsýsla	14
5.	KRÖFUSVÆÐI OG RÖKSEMDIR	30
5.1.	Almennt.....	30
5.2.	Nafngreind svæði innan kröfu íslenska ríkisins	31
5.3.	Ónafngreind svæði innan kröfu íslenska ríkisins	33
5.4.	Útan kröfu íslenska ríkisins	33
6.	ÁSKILNAÐUR OG FYRIRVARI	34

KRÖFULÝSING
FJÁRMÁLA- OG EFNAHAGSRÁÐHERRA
F.H. ÍSLENSKA RÍKISINS
UM ÞJÓÐLENDUMÖRK Á SVÆÐI 12,
EYJUR OG SKER

HLUTI C,
NORÐURLAND EYSTRA

1. ALMENN ATRIÐI

Með bréfi óbyggðanefndar, dags. 19. apríl 2023, var fjármála- og efnahagsráðherra, f.h. íslenska ríkisins, tilkynnt að nefndin hefði ákveðið að taka til meðferðar svæði 12, Eyjur og sker. Var íslenska ríkinu veittur frestur til að lýsa kröfum um þjóðlendur á svæðinu til 31. ágúst 2023. Var fresturinn framlengdur að beiðni íslenska ríkisins, til 1. desember 2023, 1. febrúar og loks til 2. febrúar 2024.

Málsaðili: Aðild að þessu máli á fjármála- og efnahagsráðuneytið, kt. 550169-2829, Arnarhvoli, 150 Reykjavík, f.h. íslenska ríkisins, sbr. 2. og 11. gr. laga nr. 58/1998. Samkvæmt 2. gr. laganna er íslenska ríkið eigandi lands og hvers konar landsréttinda og hlunninda í þjóðlendum, sem ekki eru háð einkaeignarrétti. Í 11. gr. laganna er lögð sú skylda á fjármálaráðherra að hann fari með fyrirvar fyrir hönd íslenska ríkisins og stofnana á vegum þess, vegna krafna um eignarréttindi innan þjóðlendna og við úrlausn um hvort land teljist til eignarlands eða þjóðlendna. Fyrirvar þetta er einnig talið ná til eignarlanda ríkisins á þjóðlendumörkum.

Fyrirvar: Lögmenn íslenska ríkisins í máli þessu eru Edda Björk Andradóttir, kt. 280676-5199, edda@juris.is, og Andri Andrason, kt. 120284-2749, andriandra@juris.is, Juris slf., Borgartúni 26, Reykjavík, sími 580-4400.

Afmörkun kröfusvæðis: Svæði 12, Eyjur og sker, afmarkast með eftirfarandi hætti, sbr. bréf óbyggðanefndar dags. 19. apríl 2023:

Málsmeðferðin tekur til eyja, skerja og annarra landfræðilegra eininga sem eru ofansjávar á stórstraumsfjöru innan eftirfarandi afmörkunar: Í fyrsta lagi á svæði sem afmarkast annars vegar af stórstraumsfjöruborði meginlandsins og hins vegar af ytri mörkum landhelginnar umhverfis meginlandið, Grímsey og Hvalbak skv. 1. mgr. 1. gr. laga um landhelgi, aðlægt beltí, efnahagslögsögu og landgrunn, nr. 41/1979. Í öðru lagi innan landhelgismarka umhverfis Kolbeinsey samkvæmt sömu málsgrein.

2. UM FRAMSETNINGU KRÖFULÝSINGAR OG KRÖFUGERÐAR

Kröfulýsingu fjármála- og efnahagsráðherra, f.h. íslenska ríkisins, á svæði 12 hefur verið skipt í eftirfarandi átta hluta:

HLUTI A, SUÐURLAND

HLUTI B, AUSTURLAND

HLUTI C, NORÐURLAND EYSTRÁ

HLUTI D, NORÐURLAND VESTRA

HLUTI E, VESTFIRÐIR UTAN BREIÐAFJARÐAR

HLUTI F, BREIÐAFJÖRÐUR

HLUTI G, VESTURLAND UTAN BREIÐAFJARÐAR

HLUTI H, SUÐVESTURLAND

Framsetningu kröfulýsingar og kröfugerðar íslenska ríkisins á svæði 12, Eyjur og sker, er ekki háttað með sama hætti og verið hefur í fyrri málum óbyggðanefndar.

Svæði 12, eins og það er afmarkað af óbyggðanefnd, hefur verið skipt niður í framangreinda átta hluta eftir landshlutum og er sérstök kröfulýsing fyrir hvern og einn þeirra. Þótt sýslur séu ekki lengur gildar stjórnslucueiningar á Íslandi er landshlutunum átta skipt upp eftir sýslum. Í hverri og einni kröfulýsingu er þannig fjallað um þann hluta hafsvæðis sem liggur að nánar tilteknum sýslum. Ástæða þessarar skiptingar er umfang svæðis 12, eins og það er afmarkað af óbyggðanefnd, en svæði 12 tekur til alls hafsvæðis umhverfis meginland Íslands, Grímsey og Kolbeinsey, frá stórstraumsfjöruborði meginlandsins til ytri marka landhelginnar.

Svæði 12 er einnig skipt með þessum hætti vegna umfangs yfirfarinna heimilda. Yfirferð heimilda vegna svæðis 12 var eðli málsins samkvæmt sérstaklega umfangsmikil enda taldist nauðsynlegt að fara yfir heimildir er tóku til alls svæðisins, sem og meginlandsins. Jarðabækur Árna Magnússonar og Páls Vídalín voru þannig allar yfirfarnar, sem og allar landamerkjabækur, sýslu- og sóknarlýsingar, og jarða- og fasteignamat fyrir allt landið. Tæplega sextíu Árbækur Ferðafélags Íslands, sem og tugir sérstakra heimilda um eyjur, sker og aðrar landfræðilegar einingar ofan sjávar, voru jafnframt yfirfarnar. Heimildaskráning vegna svæðis 12 er vel yfir þúsund blaðsíður. Framangreind skipting svæðis 12 einfaldar framsetningu allra þessara heimilda.

Framsetning kröfulýsingar og kröfugerðar íslenska ríkisins á svæði 12 er jafnframt frábrugðin því sem verið hefur í fyrri málum að því leyti að kröfugerð ríkisins tekur bæði til fjölda nafngreindra eyja, skerja og annarra landfræðilegra eininga og til ótilgreinds fjölda ónafngreindra og ótilgreindra eyja, skerja og annarra landfræðilegra eininga.

Þessi framsetning skýrist af því að málsmeðferð á svæði 12 tekur til eyja, skerja og annarra landfræðilegra eininga sem eru ofansjávar á stórstraumsfjöru. Fjöldmörg hugtök eru notuð um slíkar landfræðilegar einingar, s.s. hólmar, flögur, boðar, drangar, rif, klettur, annes. Þrátt fyrir skýringar í orðabók getur reynst erfitt að heimfæra þessi hugtök á hinar mismunandi landfræðilegu einingar ofansjávar á stórstraumsfjöru. Fjöldi eyja, skerja og annarra landfræðilegra eininga umhverfis Ísland liggur ekki fyrir. Það eru því ekki bara eyjarnar á

Breiðafirði sem eru ótaldar. Við undirbúning kröfugerðar þessarar varð hins vegar ljóst að einungis *nafngreindar* landfræðilegar einingar ofansjávar eru taldar í þúsundum.

Telja má að hægt sé að flokka eyjar, sker og aðrar landfræðilegar einingar ofansjávar í þrjá flokka. Fyrst eru það eyjur sem eru eða hafa verið í byggð. Þá nafn- og ónafngreindar eyjur, sker og aðrar landfræðilegar einingar sem hafa tengsl við tiltekna jarðir. Loks eru það eyjur, sker og aðrar landfræðilegar einingar sem hafa óljós eða engin tengsl við jarðir á meginlandinu. Í einhverjum tilvikum er um að ræða eyjaklasa, en stærstu eyjaklasana við Ísland er að finna á Breiðafirði en Vestmannaeyjar eru einnig eyjaklasi. Þegar um slíka eyjaklasa er að ræða er oftast talað um tiltekna eyju sem heimaey eða heimaland, en aðrar landfræðilegar einingar sem úteyjar o.þ.h.

Með hliðsjón af þessum fjölda eyja, skerja og annarra landfræðilegra eininga ofansjávar við Ísland, og sérstöðu svæðisins gagnvart öðrum kröfusvæðum sem óbyggðanefnd hefur þegar fjallað um, er ljóst að ekki var unnt að beita hefðbundnum aðferðum við framsetningu kröfulýsingar.

Framsetning kröfulýsingar og kröfugerðar íslenska ríkisins á svæði 12 er því með þeim hætti, sem fyrr segir, að lýst er þjóðlendukröfu í allar eyjar, sker og aðrar landfræðilegar einingar, bæði nafngreindar og ónafngreindar, sem eru ofansjávar á stórstraumsfjöru á svæði sem afmarkast annars vegar af stórstraumsfjöruborði meginlandsins og hins vegar af ytri mörkum landhelginnar á þeim hluta svæðis 12 sem fellur innan hvers hluta kröfulýsingar, en að undanskildum þeim tilgreindu eyjum, skerjum og öðrum landfræðilegu einingum sem tekið er fram að ekki sé gerð krafa til. Má hér segja að beitt sé *útilokunaraðferð*, þar sem svæði sem talin eru undirorpin beinum eignarrétti á grundvelli fyrirliggjandi heimilda eru útilokuð, en lýst er þjóðlendukröfu í öll önnur svæði.

Til nánari skýringar hér að lútandi vísast til kafla 5 í kröfulýsingu þessari. Þar er í kafla 5.1 fjallað almennt um málsástæður og röksemdir ríkisins til stuðnings þjóðlendukröfum. Í kafla 5.2 er síðan fjallað um þær nafngreindu eyjar, sker og aðrar landfræðilegar einingar sem þjóðlendukrafa tekur til. Í kafla 5.3 er síðan áréttað að ónafngreindar eyjar, sker og landfræðilegar einingar falli jafnframt innan þjóðlendukröfu. Þá er í kafla 5.4 getið um þær eyjar, sker og aðrar landfræðilegar einingar sem þjóðlendukrafa tekur ekki til.

Til viðbótar framangreindu má geta þess að framsetning kröfulýsingar og kröfugerðar íslenska ríkisins á svæði 12 er jafnframt frábrugðin því sem verið hefur að því leyti að þau svæði (eyjar, sker og aðrar landfræðilegar einingar) sem þjóðlendukrafa tekur til eru ekki afmörkuð af kröfupunktum og -línum. Ástæða þessa er framangreindur fjöldi þeirra svæða sem þjóðlendukrafa tekur til og sú staðreynd að nokkur hluti þeirra svæða sem þjóðlendukrafa tekur til er ónafngreindur og óstaðsettur. Þá er það í langflestum tilvikum svo að þjóðlendukrafa tekur til alls þess svæðis sem um ræðir hverju sinni, þ.e. allrar viðkomandi eyju, alls skersins o.s.frv.

3. ALMENNT UM C HLUTA KRÖFUSVÆÐIS, NORÐURLAND EYSTRA

3.1. Afmörkun kröfusvæðis

Hluti C liggur að eftirfarandi sýslum:

Norður-Dingeyjarsýsla

Suður-Dingeyjarsýsla

Eyjafjarðarsýsla

3.2. Sveitarfélög á kröfusvæðinu

Á kröfusvæðinu eru eftirfarandi sveitarfélög:

Langesbyggð varð til þann 10. júní 2006 við sameiningu Þórshafnarhrepps og Skeggjastaðahrepps. Árið 2022 sameinaðist sveitarfélagið einnig Svalbarðshreppi. Tveir þéttbýliskjarnar eru í sveitarfélaginu; Þórshöfn og Bakkafjörður. Í sveitarfélaginu bjuggu 592 manns þann 1. janúar 2023.

Norðurþing varð til við sameiningu Húsavíkurbæjar, Öxarfjarðarhrepps, Raufarhafnarhrepps og Kelduneshrepps þann 10. júní 2006. Þéttbýliskjarnar eru þrír; Húsavík, Kópasker og Raufarhöfn. Í sveitarfélaginu bjuggu 3.156 manns 2023.

Tjörneshreppur var stofnaður 1912 þegar Húsavíkurreppi var skipt í tvo hluta. Hreppnum var aftur skipt í tvennt 1. janúar 1993 og varð þá syðri hlutinn, Reykjahverfi, að Reykjahreppi. Engir þéttbýliskjarnar eru í sveitarfélaginu. Í sveitarfélaginu bjuggu 60 manns árið 2023.

Dingeyjarsveit varð til við sameiningu fjögurra hreppa; Ljósavatnshrepps, Bárðdalahrepps, Hálshrepps og Reykdalahrepps 9. júní 2002. Dingeyjarsveit sameinaðist Aðaldalahreppi 26. apríl 2008 og Skútustaðahreppi 5. júní 2021. Þéttbýliskjarnar eru tveir; Laugar og Reykjahlíð. Í sveitarfélaginu bjuggu 1.393 manns árið 2023.

Grýtubakkahreppur er með einn þéttbýliskjarna; Grenivík. Í sveitarfélaginu bjuggu 379 manns árið 2023.

Svalbarðsstrandarhreppur er með einn þéttbýliskjarna; Svalbarðseyri. Í sveitarfélaginu bjuggu 485 manns árið 2023.

Eyjarfjarðarsveit varð til 1. janúar 1991 með sameiningu Hrafnagilshrepps, öngulsstaðahrepps og Saurbæjarhrepps. Þéttbýliskjarnar sveitarfélagsins eru þrír; Hrafnagil, Brúnahlíð og Kristnes. Í sveitarfélaginu bjuggu 1.171 manns árið 2023.

Akureyrarbær. Hríseyjarhreppur sameinaðist Akureyrarbæ 2004 og Grímseyjarhreppur árið 2009. Þéttbýliskjarnar sveitarfélagsins eru þrír; Akureyri, Hrísey og Grímsey. Í sveitarfélaginu bjuggu 19.893 manns árið 2023.

Hörgársveit varð til með sameiningu Hörgárbyggðar og Arnarneshrepps 12. júní 2001. Hörgárbyggð var áður stofnuð 1. janúar 2001 með sameiningu Skriðuhrepps, Öxnadalshrepps og Glæsibæjarhrepps. Þéttbýliskjarnar sveitarfélagsins eru tveir; Lónsbakki og Hjalteyri. Í sveitarfélaginu bjuggu 780 manns árið 2023.

Dalvíkurbyggð varð til við sameiningu Dalvíkurkaupstaðar, Svarfaðardalshrepps og Árskógshrepps árið 1998. Þéttbýliskjarnar sveitarfélagsins eru þrír; Dalvík, Hauganes og Litli-Árskógssandur. Í sveitarfélaginu bjuggu 1.906 manns árið 2023.

Fjallabyggð varð til 11. júní 2006 við sameiningu Ólafsfjarðarbæjar og Siglufjarðarkaupstaðar. Þéttbýliskjarnar sveitarfélagsins eru tveir; Ólafsfjörður og Siglufjörður. Í sveitarfélaginu bjuggu 1.977 manns árið 2023.

4. KRÖFUSVÆÐI C, NORÐURLAND EYSTRÁ

4.1. Norður-Þingeyjarsýsla

4.1.1. Heimildir um eyjur í byggð

Ekki hafa fundist heimildir um eyjur í byggð innan þessa hluta kröfusvæðisins.

4.1.2. Heimildir um eyjur, sker og aðrar landfræðilegar einingar ofan sjávar sem heyra undir jörð

4.1.2.1. Deildarsker

Í Jarðabók segir m.a. um jörðina Eldjárnstaði:

Rekátak á jörðin fyrir Heiðar landi á milli Krosshóls og Deildarskerja, og er það lítill rekapartur.¹

Í Jarðabók segir m.a. um jörðina Heiði:

Ekki undirrettast hjer að kirkjur eður staðir eigi ítölu í þennan reka, nema Sauðaneskirkja þriðjung hvalreka frá Deildarskerjum til Graftjarnar.²

4.1.2.2. Örfirisey

4.1.3. Aðrar eyjur, sker og aðrar landfræðilegar einingar ofan sjávar sem getið er í heimildum

Raufarhöfn, Skinnastaðakirkja.³

Oddstaðir.⁴

4.2. Suður-Þingeyjarsýsla

4.2.1. Eyjur í byggð

4.2.1.1. Flatey á Skjálfanda

Í Jarðabók kemur m.a. fram um Flatey:

Flatey. Kirkjustaður.

Þessi ey liggur á Skjálfandaflóa hálf(a) viku sjáfar undan landi, og er ein jörð að fornu, en nú og það fyrir löngu sundur byggð í 4a bæi. Þrír af þeim standa á forna bæjarstaðinu og lítið sund á milli, hinn fjórði er skamt í landnorður frá heimatúninu. Öllum hlunnindum til lands og sjóar er oskift á milli bæjanna nema túni alleina.

¹ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, Þingeyjarsýsla (X1. bindi), bls. 377.

² Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, Þingeyjarsýsla (X1. bindi), bls. 378.

³ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, Þingeyjarsýsla (X1. bindi), bls. 345.

⁴ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, Þingeyjarsýsla (X1. bindi), bls. 348.

Jörðin er öll lx c, og eftir því sem hún túndast presti og fátækum.

Eigandi að hálfri jörðunni er kóngleg Majestat, og eru það aðrir tveir bæirnir, einn af þeim þremur, sem heima stendur, og annar sá sem er utan túns og kallast Krosshús. Eigandi að xv c, það er einn heimabærinn, kóngleg Majestat, en þessi partur liggur undir Möðruvalla klaustur. Eigandi að xv c biskupsstóllinn Hólar, og er það sá fjórði bærinn, einn af þeim sem á forna bæjarstæðinu stendur.⁵

Ábúandi á xxiii c af kóngspartinum (sem er kallað útibæ) Björn Þorláksson. Ábúandinn á vij c af kóngspartinum (það eru Krosshús) Oddur Bergþórsson, og er þetta sá bærinn, sem áður um getur að utan túns standi.

Landskuld á öllum kóngspartinum ii c, og so hefur verið í manna minni. En munnmæli eru, að hún hafi að fornu verið í c xl álnir, og þá hafi iii kúgildi fylgt þessari hálfleðu, og hafi so sama eftirgjad haldist, þá kúgildi úr fjellu. Betalast eftir proportopn með vii vættum fiska, stundum hjer heima, en oftast til meginlands, þángað sem Magnús Björnsson á Espihóli í Eyjafirði til segjandi verður, hvör eð þennan part hefur í forlþening. [...]⁶

Ábúandi á klausturpartinum (sem kallast uppibæ) Ólafur Oddsson. [...]⁷

Ábúandi á stólspartinum (sem kallast niður í bæ) Guðrún Jónsdóttir.⁸

[...] Arnargerde. Fornt eyðiból norður á eyinni, og eru þar byggíngaleifar sýnilegar af tóftaleifum og fornum girðíngum, en ei hefur þar verð búið frá gamallri tíð. Ekki má hjer aftur byggja, því túnstæðið er í hrjóstur og (g)rasleysu holt mestan part upp blásið.⁹

Tóftarústir litlar tvær eða þrjár til samans sjást víða hingað og ángað um eyna, sem enginn veit hvað verið hefur, nema hvað í gátu er að það muni í fyrndinni verið hafa verbúðir.¹⁰

Í Jarðamati 1804 kemur fram um jarðir í Flatey; að jörðin Útibær sé ¼ af Flatey (nr. 272), konungsjörð í leigu Reykjadals. Jörðin Uppibær sé ¼ af Flatey, Möðruvallaklaustursjörð (nr. 273). Jörðin Krosshús sé ¼ af Flatey, konungsjörð í leigu Reykjadals (nr. 274). Jörðin Neðribær jafnframt ¼ af Flatey, Hólabiskupsstólsjörð (nr. 275).

Í Jarðamati 1849-50 er getið um jarðirnar Útibæ, Uppibæ, Krosshús og Neðribæ (nr. 9, bls. 59-60) í Flatey.

Í sóknalýsingu Þönglabakka- og Flateyjarsóknar segir m.a. um Flatey:

Merkilegustu eyjar er Flatey á Skjálfandafirði. Ey þessi er nærsta fögur og arðsöm en lítil. Hún er að mestu kringlótt, hér um ¾ míla ummáls. [...] Sunnarlega á eyjunni liggja fjögur bóndabýli og standa þrír af þeim þétt hvör

⁵ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, Þingeyjarsýsla (X1. bindi), bls. 60.

⁶ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, Þingeyjarsýsla (X1. bindi), bls. 60-61.

⁷ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, Þingeyjarsýsla (X1. bindi), bls. 61.

⁸ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, Þingeyjarsýsla (X1. bindi), bls. 61.

⁹ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, Þingeyjarsýsla (X1. bindi), bls. 62.

¹⁰ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, Þingeyjarsýsla (X1. bindi), bls. 62.

við annan ásamt kirkju sem þar er, annexía frá Þönglabakka. Fjórði bærinn stendur einstakur. [...] Konungur vor a $\frac{3}{4}$ eyjar þessarar en $\frac{1}{3}$ er bóndaeign.¹¹

[...] í Flatey eru fjögur bóndabýli er svo heita: Neðribær, Uppibær, Útibær. Þessir þrír standa þétt í kransi hvör hjá öðrum sunnanvert á eyjunni og kirkjan í miðju, en einn eða sá fjórði, Krosshús að nafni, stendur útaustur á háum hól, spölkorn frá hinum. Hvört af þessum býlum mun vera 5 hundruð að dýrleika og eru þrjú konungs eign, fjórða bónda. Ekki hafa innbúar eyjar þessarar aðrar slægjur en túnin [...]. Þeir hafa og talsverðan sauðfénaðð, hvörjum þeir koma í fódur á veturnum inn til sveita, því stöpull er útigangur á eyjunni, en fjörubeit er ekki einhlít. Helstu hlunnindi eyjarinnar eru trjáreki mikill og selveiði og yfir höfuð er hvörgi utan í landinu svo gott og farsælt fiskipláss sem á hólma þessum. Eyjabúar nota sér hlunnindi þessi í sameiningu, skipta öllum hlunnindum jafnt sín á milli.¹²

Eyðijarðir eru hér fáar sem vert er að minnast á [...] Nýibær í Flatey, hjáleiga frá Krosshúsum, lagðist ogsvo í eyði nálægt sömu aldamótum. Hefur ekki uppbyggst síðan.

Í fasteignamati 1916-1918 er getið um fasteignirnar Útibæ, Neðribæ, Krosshús, Baldurshaga, Útgarð, Miðgarð, Sigtún, Garðshorn, Sæland, Bjarg, Flatey (skólahús), Brettingsstaðakirkju og Flateyjarvita.

Í Árbók Ferðafélags Íslands 1938 segir m.a. um Flatey:

Flatey á Skjálfanda liggur norðaustan undir skaga þeim, er skilur Eyjafjörð og Skjálfanda. Hún er, eins og nafnið bendir til, nærri allflöt að ofan og því torséð af hafi, þangað til nærri er komið. Hún er nálægt 2 km. frá austri til vesturs, en lítið eitt styttri frá norðri til suðurs. Byggðin er aðallega sunnan og austan á eyinni, og er þar rúmlega fjórði partur eyjarinnar samfelld tún. Þar er bátabryggja og landtaka eyjarinnar. Þegar í land kemur er auðséd hver er aðalátvinna eyjarskeggja; við bryggjuna eru róðra- og vélbátar, og hvarvetna þar sem fólk er að vinna, er það að einhverjum fiskverkunarstörfum. Næst sjónum er margt fiskverkunarhúsa og sjóbúða, og þar er einnig nýreist lifrabræðslustöð. Inni á miðri eyinni er hún hæst 12 m. Þaðan er bezt útsýn um eyna. Nyrzti oddi hennar heitir Brimnes; vestan undir því er dálítill vogur, er Hvalvík heitir. Vestasti oddi eyjarinnar heitir Þórðarsteinshorn, en sá syðsti Skarfstangi. Á eyinni eru nokkrar tjarnir, og er Hvaltjörn upp frá Hvalvík þeirra mest. Annars er eyjan víða mýrlend og að mestu grasi gróin. Í góðu skyggni er allvíðsýnt frá Flatey. Til norðurs sést Grímsey. Í landi er Flateyjardalurinn næstur, með há fjöll til beggja handa. Til austurs sést á Tjörnes og allt inn á fjallgarða á Reykjahéiði, og stundum má sjá reyki frá hverunum í Reykjahverfi. Eins og þegar er getið, er sjávarútvegur aðalátvinna Flateyinga. Landbúnað stunda þeir nokkurn, og ræktun er þar eigi lítil. Þar er nú loftskæptastöð, viti og skólahús.¹³

Í Árbók Ferðafélags Íslands 1969 segir m.a. um Flatey:

¹¹ Þingeyjarsýslur. Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags (1839-1844), bls. 59.

¹² Þingeyjarsýslur. Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags (1839-1844), bls. 73.

¹³ Ferðafélag Íslands, Steinþór Steindórsson. 1938: Árbók: Eyjafjörður, leiðir og lýsingar, bls. 107-108.

Eyjan liggur 2.5 km frá landi, út af Flateyjardal. Lengd hennar er jöfn breidd sundsins milli eyjar og lands, en breiddin ögn minni. Hún er lág og flöt, eins og nafnið bendir til. Víðast lág strönd með sjónum, með malarkömbum og sumstaðar lónum á bakvið, t.d. að suðaustan og sumstaðar að norðan, sandfjara er að sunnan, en standbjarg, Krosshúsabjarg, á norðanverðum austurenda. Þar er viti, byggður upphaflega 1913. Eyjan er öll grasi gróin og vel fallin til ræktunar. Brimnes heitir nyrzti tanginn austan á eyinni, vestur af honum er Hvalvík. Skarfatangi heitir syðst á eyinni, en vestast er Vaðsteinanes, þaðan er stytzt í land. Eyjarinnar er getið um 1200, og var þá sótt skreið þangað. Hún hefur vafalaust byggt strax á landnámsöld, og þótti hún góð verstöð. Árið 1474 keypti Einar ábóti á Munkaþverá af priornum á Möðruvöllum vervist í Flatey, vergögn, saltbrennslu, húsgjörð og naustgjörð og greiddi með Mariúskógi í Skuggabjargalandi í Dalsmynni. Árið 1254 fær Þórir bukksungi, einn af Flugumýrabrennumönnum, lífsgrið, af því að hann komst að kirkjuvegg í Flatey, áður en óvinir hans náðu honum. Er þá komin kirkja þar og sýnir það, að staðurinn var mikilsháttar. Þar var upphaflega aðeins ein jörð, 60 hundruð að fornu mati, þ.e. höfuðból, en löngu fyrir 1703 eru þar 4 bæir. Kóngleg Majestat átti hálfa jörðina, og voru á henni tveir bæir, Krosshús og úti í bæ. – nú Útibær-. Klausturparturinn kallaðist upp í bæ, - nú Uppibær-. Stólsparturinn kallaðist – niður í bæ, nú Neðribær-. Árið 1907 urðu býlin í eyjunni 10, en talið er, að 1942 hafi þau orðið flest, eða 13 og tvær þurrabúðir, en íbúatala 120. Síðan hefur fólki þar fækkað mjög og er nú (1967) 50 manns. Fiskveiðiaðstaðan er mesti búkostur eyjarinnar, því góð fiskimið eru allt um kring og mikil hrognkelsaganga upp í landsteina á vorin. Þar er nokkurt æðarvarp og kríuvarp og reki talsverður. Góð lending er sunnan á eyinni, og er þar bryggja fyrir skip allt að 150 smálestir eða þar um. Rif út frá báðum eyjarendum brjóta hafsjóana og bæta lendingarskilyrðin. Nú er unnið að hafnargerð í Flatey. Höfnin á að verða í strandlóninu á suðausturhorni eyjarinnar. Allmikil tún eru á eyinni og má heyja þar mikið. Áður fyrr var sauðfé flutt til lands á vorin, en því var hætt, er fólki fækkaði í eyinni, enda telja Flateyingar sig nú of fámenna til að gera fjallskil á landi, síðan byggðin þar lagðist öll í eyði. [...] Byggðin er öll á sunnanverðri eyinni. Húsakynni eru allgóð og húsin raflýst. Í Flatey er útibú frá Kaupfélagi Þingeyinga. Árið 1897 var Flateyjarkirkja lögð niður, en kirkja byggð á Brettingsstöðum á Flateyjardal. En nýlega var kirkjan aftur flutt til Flateyjar. Henni er nú þjónað frá Húsavík. Sundið milli Flateyjar og Flateyjardals er grunnt og er sigling um það varhugaverð í hvössu veðri.¹⁴

Í Árbók Ferðafélags Íslands 1992 segir m.a. um Flatey:

Flatey var annexía frá Þönglabakka sem og Brettingsstaðir á Flateyjardal eftir að kirkja var flutt þangað úr Flatey.¹⁵

Flatey liggur lágt og er flatlend, aðeins nokkrir metrar yfir sjó. Hún er um 2,5 km á lengd og rúmur kílómetri að breidd. Eyjan er grasi gróin, með lágri strönd,

¹⁴ Ferðafélag Íslands, Jóhann Skaptason. 1969, Árbók: Suður-Þingeyjarsýsla, vestan Skjálfafljóts og Fljótsheidar, bls. 73-74.

¹⁵ Ferðafélag Íslands, Björn Hróarsson. 1992. Árbók: Norðan byggða milli Eyjafjarðar og Skjálfa, bls. 131.

malarkömbum og víða lónum fyrir innan. Bygð hófst snemma í Flatey og á þessari öld reis þar þorp syðst og austast á eyjunni. Sést það vel frá Víkurbökkum.¹⁶

Í greininni *Með fuglum og fólki í Flatey* er birtist í Morgunblaðinu 16. júlí 1995 segir m.a. um Flatey:

Flatey á Skjálfanda fór í eyði árið 1967, en nokkur ár eru nú liðin síðan nokkrir gamlir Flateyingar leituðu uppruna síns á ný og hófu að byggja upp gömlu húsín, sem reyndust vera í misjöfnu ásigkomulagi. [...]

Fyrir gamla Flateyinga er vorkoman kærkomin því þá vita þeir, sem best þekkja, að sá tími nálgast að hægt verður að sækja eyjunna heim og njóta þeirrar friðsældar, sem eyjalífið býður upp á í sínu besta skarti. [...]

Grásleppukarlarnir, sem haldið hafa til í eyinni síðustu tvo mánuði, eru að pakka saman enda vertíðinni að ljúka. [...]

Á meðan að sumir sjá um að lesta jeppann, röltum við hin af stað í átt að Grund, sem er eitt þeirra níu húsa í eyinni, sem gerð hafa verið upp og löguð til með það að markmiði að nýta sem sumarbústaði. Grund var reist árið 1939 og var í eigu þeirra hjóna Hólmgæis Árnasonar frá Knarrareyri á Flateyjardal og Sigríðar Sigurbjörnsdóttur frá Vargsnesi í Náttfaravíkum. Þau fluttu frá Flatey árið 1961 til Húsavíkur, eins og svo margir aðrir eyjarskeggjar. Nokkrum árum síðar tóku afkomendur þeirra sig til og hófu að endurbæta eða öllu heldur endurbyggja [...]

Talið er að Flatey hafi risið úr sjó. Eyjan er lítil og lágreist, aðeins 2,5 km á lengd og á annan km á breidd, öll grasi vaxin, ströndin lág með malarkömbum og víða eru lón og tjarnir fyrir innan. Snemma var eyjan talin mjög byggileg enda beitarlönd góð og fiskimiðin allt í kring. Þarna höfðu íbúarnir ofan í sig og á með bústörfum og sjósókn. Í þá daga var enginn kvóti, hvorki í landbúnaði né í sjávarútvegi. Menn, konur og börn unnu myrkrana á milli og til þurfti að kalla vinnuhjú á stundum. Þá var önnur tíð til sjávar og sveita og menn lifðu af landsins gæðum. [...]

Íbúar voru flestir í eyinni árið 1942, alls 120 talsins, og var þá hafnaraðstaða stórlega bætt. Sömuleiðis var þá komið upp barnaskóla og félagsheimili, þar sem enn er dansað um verslunarmannahelgar við undirspil harmonikuleikara. Fyrir nokkrum árum tóku eyjarskeggjar sig saman um að mála samkomuhúsið og þótti ekki vanþörf á.

Kirkja hefur verið í Flatey frá fornu fari, en árið 1894 var hún lögð niður þar og flutt til höfuðbólsins Brettingsstaða á Flateyjardal. Árið 1960 var síðan ný kirkja vígð í eyinni [...]. Prestur hefur gjarnan verið fenginn frá Húsavík til að sjá um þessa helgistund og kirkjugestir sungið hver með sínu nefi.

Viti var reistur í Flatey árið 1913 og endurbyggður árið 1963 eða um það leyti sem eyjan var að fara í eyði. Í dag er Flatey nytjuð og eru það fjölskyldur af

¹⁶ Ferðafélag Íslands, Björn Hróarsson. 1992. Árbók: Norðan byggða milli Eyjafjarðar og Skjálfanda, bls. 182.

tveimur bæjum sem það gera, Grund og Útibæ, en nytjar eru egg, æðardúnn og reki. Fyrir utan þessa tvo bæi er sjö húsum til viðbótar haldið við og nýtt sem sumarhús. Það eru: Baldurshagi, Garðshorn, Sigtún, Sæberg, Berg, Krosshús og Sólvellir. Önnur hús eru í afleitu ásigkomulagi og í raun synd að sjá hvernig fyrir þeim er komið.

Útvegsbændur fyrri tíma höfðu aðstöðu í fiskverkunarskúrum við bryggjuna, en skúrarnir eru nú í mjög misjöfnu ástandi og sumir hverjir hafa orðið hrönnun að bráð. Þar skammt hjá var líka einu sinni kaupfélag, sem brann fyrir nokkrum árum, og grunnurinn ber nú aðeins vitni um það sem einu sinni var en er ekki lengur. Það má þó með sannni segja að minningin lifi svo sannarlega góðu lífi í hugum þeirra, sem þarna eru bornir og barnfæddir og byrjuðu að vinna ungir að árum við að draga björg í bú.

Í samantekt Guðmundar A. Hólmgeirssonar (2013) um jörðina Grund í Flatey á Skjálfanda segir m.a. um Flatey:

[...] Flatey er að stærð um 262 hektarar, um 2km þar sem mesta breiddin er og 2,5km þar sem mesta lengdin er. Vitinn stendur á Krosshúsarbjargi austast á eyjunni, en þar er hún hæst um 22 metrar. Landnáma greinir ekki frá byggð í Flatey, en fyrstu heimildir sem vitað er um eru í Reykdælasögu, þar sem Kálfur nokkur, sem hafði umsjón með skreið Áskels goða hafi haft búsetu í Flatey. En seldi skreiðina fyrir kú og eru þetta að öllum líkindum fyrstu heimildir um byggð í eyjunni. Næstu heimildir eru úr Sturlungu þar sem getið er um heimboð Guðmundar biskups góða árið 1201, en þá vígði hann brunn. Sá brunnur er við Sjóttjörn rétt norðaustan hennar, en er nú þornaður. Sturlunga getur einnig um Flatey vegna Flugumýrabrennu árið 1253, er Eyjólfur ofsi ráðgerir aðför að Gissuri jarli á Flugumýri, en þá sendir hann boð til Hrana í Flatey. Flatey var í fyrstu ein jörð, en sökum hlunninda sóttust stórlaxar eftir eignarráðum þar og voru þau lengi þrískipt, átti kóngur helminginn, en Hólastóll og Mörðuvallarklaustur fjórðunga. Á 17. öld er eyjunni orðið skipt í fjórar jarðir: Neðribær, Uppibær, Útibær og Krosshús. Árið 1712 fór fram jarðamat þeirra Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. Þá voru aðeins áður nefnd fjögur býli nefnd. En fjölgaði á næstu áratugum, en þó aðallega á tuttugustu öldinni, en þá bættust við fjórtán býli. Flatey var í þá daga og er fjórar ríkisjarðir, með sínum hlunnindum hver jörð. Þá voru fjórir ábúendur sem nutu þessara hlunninda í eggjatöku og reka. Því þurftum við alltaf að fá leyfi til þess að tína kríuegg, en æðaregg mátti ekki tína. Ábúendur tíndu lítulsháttar æðaregg sjálfir og gáfu þá um leið vinum og vandamönnum nokkur egg til þess að gæða sér á áður en kríuvarpið hófst. Mikið kríuvarp hefur ætíð verið í Flatey og var þá frjálst að tína eftir að menn höfðu fengið leyfi þangað til að eggjin voru að byrja að stropa, þá var því hætt það árið. Eggjin voru borðuð strax að hluta, en annar hluti þeirra geymdur í jólabaksturinn með þeim hætti, að þau voru sett í stóra leirkrukku með rúgmjöli í.

Samkvæmt framangreindum heimildum voru eftirfarandi jarðir í Flatey. Engin landamerkjabréf hafa fundist um þær.

- i. Krosshús
- ii. Neðribær
- iii. Uppibær
- iv. Útibær
- v. Grund
- vi. Baldurshagi
- vii. Garðshorn
- viii. Sigtún
- ix. Sæberg / Sæland
- x. Berg / Bjarg
- xi. Sólvellir

4.2.2. Heimildir um eyjur, sker og aðrar landfræðilegar einingar ofar sjávar

4.2.2.1. Mánáreyjar

Í Árbók Ferðafélagsins 1965 segir m.a.:

Mánárbaeirnar eru austustu bærir í Tjörneshreppi. [...] Í norður frá Máná eru Mánáreyjar, Háey nær landi, Lácey litlu norðar. Fugl verpir í eyjum þessum: Lundi, kría o.fl. Lácey er grösug og var fyrrum af því gott gagn. Háeyjarberg er sagt trufla áttavita á skipum. Máná á báðar eyjarnar. Þær eru oft nefndar í sambandi við síldveiðar, a.m.k. þegar síldin er nærri. Við Mánáreyjar kom upp eldur á hafsbotni árið 1867.¹⁷

Í Árbók Ferðafélagsins 1978 segir m.a.:

Máná er nyrsta og austasta jörð í Suður-Þingeyjarsýslu og landmesta jörð á Tjörnesi. [...] Það er ágætt sauðland, fjörubeit er góð, snjólétt og rekasælt. Mánáreyjar, Háey og Lácey, tilheyra jörðinni. Þær eru 9 km undan landi. Eyjarnar eru vel grónar. Áður fyrr var stundum heyjað í Lácey. Gat er gegnum Háey. Sagt er að segulmagn frá eyjunum truflí áttavita. Sjófuglavarp er þar.¹⁸

4.2.2.2. Lundey

Í Jarðabók segir m.a. um jörðina Héðinshöfða:

Eggver af æðifugli hefur verið í Lundey að góðu gagni, það hefur nú brugðist í næstu 30 ár, sem það er ekki til hlunninda teljandi, og nú öldungis ekkert. Lundatekja í sömu ey var áður að nokkru gagni, hún er nú engin.¹⁹

Í Sýslu- og sóknarlýsingum segir m.a. um Héðinshöfða og Lundey:

Nes eru engin utan smáhöfðar sem liggja vestur til sjóar, t.d. Ærvíkurhöfði millum Laxamýrar og Saltvíkur, Húsavíkurhöfði fyrir neðan Húsavík og Höfði fyrir neðan bæinn Héðinshöfða. Þaðan í útvestur skammt frá landi er dálítill eyja sem kallast Lundey. Hún er á stærð hér um bil 400 faðmar í kring, há með

¹⁷ Ferðafélag Íslands, Gísli Guðmundsson. 1965. Árbók: Norður-Þingeyjarsýsla, Tjörnes og Strönd, bls. 12.

¹⁸ Ferðafélag Íslands, Jóhann Skaptason, 1978. Árbók: Suður-Þingeyjarsýsla, austan Skjálfafljóts, bls. 88.

¹⁹ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, Þingeyjarsýsla (X1. bindi), bls. 258.

bröttum klettum og grasi vaxin að ofan og er ei notuð til neins, utan Héðinshöfðabóndinn hefur kópalátur kringum hana á vorum.²⁰

Í landamerkjabréfi Héðinshöfða dags. 5. júní 1885, lesið á manntalsþingi að Húsavík 15. Maí 1886, segir m.a.:

Landamerki Héðinshöfða í Húsavíkurhreppi. [...] Að vestan fylgir Lundey Héðinshöfða, en að austan ráða innan áðurgreindra örnefna, að sunnan Gyðuhnjúkskolls og að norðan Búrfellsár, takmörkin á milli Keldunesshrepps og Húsavíkurhrepps.²¹

Í Árbók Ferðafélagsins 1978 segir m.a. um jörðina Héðinshöfða:

Héðinshöfði er syðsta jörð í Tjörneshreppi og næststærst jarða í hreppnum. Land jarðarinnar nær frá sjó austur að sýslumörkum, gegnt Fjallalandi í Kelduneshreppi í Norður-Þingeyjarsýslu. Jörðin er landnámsjörð Héðins Þorsteinssonar þurs, bróður Höskuldar í Skörðum. Nesið er hér láglent með sjónum, að undanskildum höfða, - Héðinshöfða – sem skagar vestur í Skjálfandaflóa. Sunnan höfðans er Héðinsvík, en Barmur norðan hans. Tvo kílómetra norðvestur frá höfðanum er Lundey, sem tilheyrir jörðinni. Eyjan er sæbrött og álíka há sem höfðinn. Hún er lítil að flatarmáli, en vel gróin og þótt gott engi, en er nú aðeins notuð til beitar. Þar er mikið lunda- og kríuvarp. Viti er á eyinni.²²

4.3. Eyjafjarðarsýsla

4.3.1. Eyjur í byggð

4.3.1.1. Grímsey

Í Jarðabók kemur m.a. fram um Grímsey:

Grímsey heitir sveitin og er umflotin ey, sex vikur sjóar undan fastalandi út frá Eyjafjarðarmynni.²³

Jarðir í Grímsey við gerð Jarðabókar eru:

Sydre-Grenewijk.²⁴

Ytrie-Grenewijk.²⁵

Borger.²⁶

Sveinagardar.²⁷

²⁰ Gott mál hf., Þingeyjarsýslur: Sýslu- og sóknalýsingar hins íslenska bókmenntafélags, 1839-1844, bls. 188.

²¹ Þingeyjarsýsla, landamerkjabók 1883-1890, bls. 138.

²² Ferðafélag Íslands, Jóhann Skaptason, 1978. Árbók: Suður-Þingeyjarsýsla, austan Skjálfandafljóts, bls. 80.

²³ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, Eyjafjarðarsýsla (X. bindi), bls. 310.

²⁴ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, Eyjafjarðarsýsla (X. bindi), bls. 310.

²⁵ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, Eyjafjarðarsýsla (X. bindi), bls. 311.

²⁶ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, Eyjafjarðarsýsla (X. bindi), bls. 312.

²⁷ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, Eyjafjarðarsýsla (X. bindi), bls. 312.

Midgardar.²⁸

Sveinstader.²⁹

Eidar.³⁰

Efre-Sandvijk.³¹

Nedre-Sandvijk.³²

Básar.³³

Þá segir í Jarðabók um framangreindar jarðir:

Kvaðir eru engar á þessum jörðum, fyrir utan það að þegar í ári lætur og guð gefur gott eggvarp í bjarginu, þá sendast til klaustranna af klausturjarða ábúendum 60 egg af hverri jörð. Líka einninn, þá nokkuð rekur töluvert af trjáviði, sendist frá hverjum bæ til klaustranna einhver nýtur hlutur af búsgagni[...]. En nær eggvarpið og rekinn bregðst s að þeir kunna ei þessu að svara in natura, þá er enginn betalíngur heimtaður í því nafni. Hefur þetta so verið af fornri tíð.³⁴

Tollar eru öngvir á þessum jörðum, sem til klaustranna svarast, eður nokkur leiguliðaskylda frammar en áður er talið.³⁵

Tún eru mjög lítil á þessum eyjarjörðum og lakari að grasvöxt, öngvar útengjar [...].³⁶

Mjög haglítið á sumardag er í eyjunni, landljett og mikið uppblásið og oftast vetrarhart, hvar fyrir þeir missa oft sinn fríða pening. [...] Hlunnindi engin fylgja þessum eyjarjörðum, fyrir utan eggjatak í bjarginu og lítinn trjáreka. Ítem fuglveiði.³⁷

Eyðieyjar eru engar í kringum Grímsey, hverki þær undir hana liggja, nje öðruvísi á sig komnar.³⁸

Eyðijarðir eru engar þar í eyjunni, og ei þykjast menn vissir um að þar hafi fleir jarðir bygðar verið en þar nú eru, fyrir utan tvær hjáleigur, sem a forngildu hafa legið undir prestgarðinn, og hafa staðið í túnnu, sem tóftanna eftirstöðvar sýna enn í dag, hvar um innbyggjararnjir kunna ekki víðara að segja, og ekki þykir þeim líklegt, að þessar hjáleigur kunni aftur að byggjast vegna grasleysis, sem árlega fer í vöxt, bæði til túna og úthaga.³⁹

²⁸ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, Eyjafjarðarsýsla (X. bindi), bls. 313.

²⁹ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, Eyjafjarðarsýsla (X. bindi), bls. 313.

³⁰ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, Eyjafjarðarsýsla (X. bindi), bls. 314.

³¹ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, Eyjafjarðarsýsla (X. bindi), bls. 314.

³² Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, Eyjafjarðarsýsla (X. bindi), bls. 315.

³³ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, Eyjafjarðarsýsla (X. bindi), bls. 315.

³⁴ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, Eyjafjarðarsýsla (X. bindi), bls. 317.

³⁵ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, Eyjafjarðarsýsla (X. bindi), bls. 316.

³⁶ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, Eyjafjarðarsýsla (X. bindi), bls. 316.

³⁷ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, Eyjafjarðarsýsla (X. bindi), bls. 317.

³⁸ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, Eyjafjarðarsýsla (X. bindi), bls. 318.

³⁹ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, Eyjafjarðarsýsla (X. bindi), bls. 319.

Í Jarðamati 1804 kemur fram um Grímsey að jarðirnar Básar (nr. 1), Neðri-Sandvík (nr. 2), Efri-Sandvík (nr. 3), Eiðar (nr. 4), Sveinsstaðir (nr. 5), Svínagarðar (nr. 7), Borgir nr. 8), Ytri-Grenivík (nr. 9) og Syðri Grenivík með eyðihjáleigunni Aratóftum (nr. 10) séu konungsjarðir. Jörðin Miðgarða (nr. 6) sé kirkjustaður.

Í Jarðamati 1849-50 er getið um jarðirnar Bása, Neðri-Sandvík, Efri-Sandvík, Eiðar, Sveinsstaði, Miðgarða, Borgir, Ytri-Grenivík og Syðri Grenivík í Grímsey.

Í Sýslu- og sóknarlýsingu Grímseyjarsóknar segir m.a. um Grímsey:

Grímseyjarhreppur tekur yfir litla eyju hér um bil 6 mílum norðan við Eyjafjarðarmynni. Hún er 1800 fadmar á lengd og á henni eru aðeins 10 bæir. Á Eyjunni er ekki haldið þing.⁴⁰

Eyjan er tæp ½ míla á lengd og ¼ míla á breidd, þar sem breiðust er.⁴¹ [...] Sunnan til við eyna liggja 2 sker, kallaðar Flesjar. [...] Nokkuð sunnar en við miðja ey vestantil liggur dálítið flatt sker, kallað Æðarsker, og laust þar fyrir utan 3 önnur há klettaker, rétt fast upp við flæðarmál, nefnd Borgir. Við norðurtá eyjarinnar eða Fótinn liggja nokkrar smá-blindflúðir. Við miðja ey austanverða liggur svokallað Flatasker. Undan því hafa fiskiskútur stundum legið í vestanveðrum, svo ekki þyrftu að hleypa á hafi.⁴²

Bæir eru þessir á eyinni sunnan frá og norður eftir: 1. Syðri-Grenivík (15 hndr.), 2. Ytri-Grenivík (14 hndr.). Báðir þessir bæir, er liggja hvor við annan, standa syðstir á eyjunni við víkina, er áður er nefnd, og þeir taka nafn af. Þar er beztur reki á eyjunni og tún bezt löguð til ræktar, þar minna ná til þeirra sjórok og stormar, og snjór getur legið á þeim á vetrum. Fuglbjörg eru þar nokkur að yfirferð, en fugllítill. 3. Borgir (14 hndr.), stutta bæjarleið fyrir utan Grenivík, á háum bakka, upp undan skerjum þeim, er áður er getið. Í einu þessara skerja er lítið æðarvarp. Fuglbjargt er hér allgott og töluverður reki í rekaárum. 4. Sveinagarðar (10 hndr.), skammt fyrir utan Borgir; standa viðlíka hátt. Þar er bjarg lítið og fuglfátt; reki nærstum enginn. 5. Miðgarða (dýrleiki ókunnur) í sömu línu, ná næstum saman túnin. Þar er fuglbjarg æðistórt, en fuglgisið vegna standklappa, hvar fugl ei getur hreiðrað sig. Reki nokkur er undir bjarginu. Þessara 3gja síðasttöldu bæja, nl. Borga, Sveinagarða og Miðgarða tún eru mjög undirlögð sjórokom vegna kletta og hamra, sem þar eru fram við sjómál og framan í bökkunum, hvar öldurnar brotna með svo miklu ofurefli að sjódrifið í vestanveðrum gengur upp á alla bakka og heim á hús; spillir það mjög túnunum og eyðir jarðvegnum. – 6. Sveinsstaðir (14 hndr.) örskammt fyrir utan Miðgarða. Þar er tún smátt og gagnslítið, fýkur upp úr bökkunum grjót og sandur í vestanveðrum. Bjarg stutt, en fuglmargt, reki lítill. 7. Eiðar (16 hndr.) rétt að kalla áfastir á túninu við Sveinsstaði. Þar er tún lögulegt og mikið til slétt, en liggur hátt við vindum og kuldum; bjarg þónokkurt, fuglrikt; reki mjög lítill, með því þar er lítil og sumsstaðar engin festifjara undir bjarginu. 8. Efri-Sandvík (14 hndr.) og 9. Neðri-Sandvík (14 hndr.) spölkorn fyrir utan Eiða, er taka nafn

⁴⁰ Sögufélag Eyfirðinga, Magnús Kristinsson. 1972. Sýslu- og sóknalýsingar eyfirzk fræði, bls. 30.

⁴¹ Sögufélag Eyfirðinga, Magnús Kristinsson. 1972. Sýslu- og sóknalýsingar eyfirzk fræði, bls 205.

⁴² Sögufélag Eyfirðinga, Magnús Kristinsson. 1972. Sýslu- og sóknalýsingar eyfirzk fræði, bls 206-207.

af áður nefndri vík. Liggja saman túnin. Hér eru björg fuglmörg og töluverður reki; tún í lakara lagi, þó ekki liggi undir sjórokum, því grjót kemur meir og meir upp í túninu, einkum í Neðri-Sandvík. 10. Básar (17 hndr.) liggja yzt bæja á eyjunni, æðikipp fyrir utan Sandvík, fram við hrauntanga milli Lönguvíkur og Básavíkur. Þar er tún rennslétt og fagurt, vel lagað til ræktar, ef ei stæði svo hátt og opið fyrir veðrum. Bjarg heyrir Básun til mest og bezt á eyjunni; er þar fuglsátur gott. Reki er að því skapi undir björgunum að austan, líka nokkur í Básavíkinni að vestan. Í þessari vík er og dálítið æðarvarp á urðunum neðan undir klettunum.⁴³

Hlunnindi: eru bjargfuglsegg og fiður, lítil lundatekja og reki; æðarvarp er valla teljandi. Af því að fuglbjörgin eru að ganga af sér, fækka sátrin, svo minna verður fangið og eftirtekja af fuglveiðinni, jafnvel þó fuglmergöðin, sem kemur að eyjunni, ekki sýnist fara minnkandi.⁴⁴

Engar jarðir liggja til kirkjunnar, en síðan eyjan varð kóngseign við siðaskiptin, hefir hún sitt hundrað af hverju klaustri, Munkaþverár- og Möðruvalla-.⁴⁵

Í fasteignamati 1916-18 eru eftirfarandi jarðir í Grímsey: Básar (nr. 441), Neðri-Sandvík (nr. 442), Sjaland (nr. 443), Efri-Sandvík (eign Grímseyjarhrepps, nr. 444) og þurrabúðirnar Holt (nr. 444a) og Grund (nr. 444b), Eiðar (eign landsjóðs, nr. 445), Sveinstaðir (eign landsjóðs, nr. 446), Miðgarðar (eign Prestlaunasjóðs, nr. 447), Sveinagarðar (eign landsjóðs, nr. 448), Borgir (eign landsjóðs, nr. 449), Ytri-Grenivík (eign landsjóðs, nr. 450) og Syðri-Grenivík (eign landsjóðs, nr. 451).

Í Árbók Ferðafélags Íslands (1938) segir m.a. um Grímsey:

Grímsey telst til Eyjafjarðarsýslu. Hún liggur litlu austar en í hánorður undan Gjögri, og er 41 km. undan landi. Grímsey er aflöng og mjókkar mjög til beggja enda, líkt og hún teygi arma út frá sér, annan til hafs en hinn til lands, og sveigir báða í vestrátt. Norðurarmurinn er nefndur Eyjarfótur, en hinn Flesjar. Víkur nokkrar skerast inn í eyna að vestan, og eru helztar þeirra: Básavík innan við Eyjarfótinn, þá Sandvík, aðallendingarstaðurinn, þá Kirkjuvík, framundan prestssetrinu Miðgördum, og syðst Grenivík milli Borgarhöfða og Flesja. Þar upp frá reisti Grímur landnámsmaður bæ samnefndan, og var það fyrsta byggð í Grímsey. Hamrar ganga víða í sjó fram, en þarna að vestan eru þeir lágir og sundurslitnir. Reglulegt stuðlaberg er þar sumstaðar, t.d. í Borgarhöfða og Sveinsstaðarana. Í flestar vikurnar er auðvelt niðurgöngu. Bakkar eru að vísu brattir nokkuð, en víða grasi grónir, og liggja um þá sneiðingar niður í fjörur. Básavík er örðugust. Þar eru hamrar miklu hærri en annars staðar á vesturhlið eyjarinnar, en ganga má þar þó niður allvíða eftir raufum í bergið, sem gilskorur væru. Víða má ganga þar fram og aftur eftir grasi grónum stöllum. Þangað sækir sauðfé mjög, einkum á vorin, því að fljótt grær þar í skjóli hamranna. En ekki er þeim hættulaus vistin sakir bjarghruns og einnig þess, hve tæp er þar víða gangan, en lífi og limum hætt, ef fótaskortur verður. Að austanverðu er eyjan alveg hömrum girt, og bergið gengur á stöku stað þverhnipt í sjó fram. Víðast

⁴³ Sögufélag Eyfirðinga, Magnús Kristinsson. 1972. Sýslu- og sóknalýsingar eyfirzk fræði, bls 209-210.

⁴⁴ Sögufélag Eyfirðinga, Magnús Kristinsson. 1972. Sýslu- og sóknalýsingar eyfirzk fræði, bls 211.

⁴⁵ Sögufélag Eyfirðinga, Magnús Kristinsson. 1972. Sýslu- og sóknalýsingar eyfirzk fræði, bls 211.

er þó fjara undir, og bjargið yfirleitt hallandi og stallar víða. Skarfakál vex þar mikið, og breytir það dimmum svip bergsins í skrudgrænar flesjur. Bjargið er sextugt, þar sem það er hæst, en hólar og öldur eru í brúnir þess, svo að mishátt er mjög í fjörur niður. Hæstu hólarnir heita Stóribratti, Handfestarhóll og Vænghóll, og eru þeir mjög vel til þess fallnir að vera sjónarhólar, þegar njóta skal útsýnis. Á þremur stöðum má ganga niður á fjörur. Það eru nefndar gjár, sem þá er farið um, en þær hafa skapast með öðrum hætti en hraungjár og líkjast meira giljum en gjám. Við Handfestarhól er Handfestargjá, og mun hvortveggi fengið hafa nafn af því, að þegar fara skal um gjána, er jafnan festur kaðall um hæl uppi á brún, og hann síðan lagður niður eftir gjánni, svo að fikra megi sig eftir honum til léttis og öryggis. Á einum stað gengur berghaft þvert yfir gjána, og er talið á fárra manna færi að fara þar bandlaust yfir. Þá er Almannagjá; hún mun draga nafn af því, að þar er flestum fært; þó er þar oft haft band til stuðnings. Norðarlega á eyggi er Kaldagjá. Hún afmarkar Eyjafótinn. Þar er lágt niður og auðvelt umferðar. Um gjár þessar er oft farið, einkum á vetrum, þegar bjarga þarf reka af fjörum, og svo þegar við fuglaveiðar er fengist.⁴⁶ Bæirnir, ellefu að tölu, auk nokkurra grasbýla, standa allir á vestanverðri eyggi. Akvegur er kominn milli þeirra allra með Sandvík að miðstöð. Þar er steinbryggja í smíðum. Víða liggja tún saman, á öðrum stöðum mjókkar bilið á milli þeirra með ári hverju, því að landið er frjótt og ágætlega fallið til ræktunar víðar hvar. Einn bærin, Básar, er nokkuð afskekkur. Sá bær er nyrztur á eyggi og nyrsta byggt ból íslenzkt. Fyrir ofan alla bæi liggur sameiginleg túngirðing. Upp frá girðingunni hækkar landið nokkuð, líkt og um aflíðandi fjallshlíð væri að ræða. Brekkur þessar enda í svokölluðum Hæðum, og tekur þá við háeyjan. Þar skiptast á öldur og dældir, allt austur á Bjargsbrún. En landið hækkar ekki teljandi eftir að upp kemur á Hæðirnar. Uppi er eyjan öll grasi vaxin, nema einstöku melholt eru einkum á sunnanverðri eyggi. Gróðurfarið er að mestu vallendi, og mýrar engar, sem talizt geta. Víða eru tjarnir á vorin, en flestar þeirra þorna, þegar klaki fer úr jörðu og snjór er horfinn. Uppsprettulindir eru á stöku stað, en þorna jafnan, er þurrkar ganga. Neyzluvatn er því að mestu tekið úr brunnum. Aðalatvinnuvegur eyjarbúa eru fiskveiðar. Landbúnaður er og nokkuð stundaður, og svo eggja- og fuglatekja, sem þó fer mjög minnkandi. Í landfræðibókum er sagt, að í Grímsey sé lítið gras og fátt fé. Þetta er öfugmæli. Meginhluti eyjarinnar er vafinn grasi, svo að búpeningur hefir þar ágæta haga. Á síðari árum hafa verið þar 20-30 stórgripir og 300-400 fjár. Í sumarhögum mun tala fjársins oft vera nær 800, því að margt áanna er tvílembt. Mundi það þykja „setinn Svarfaldardalur“, ef svo væri rétt þétt skipað fé á afréttum og sumarhögum í landi, því að ekki er eyjan stærri en svo, að ganga má í kring um hana á tveimur tímum, og af því landi er drjúg sneið innan túngirðingar. Að vænleika er fé mjög svipað og gerist í sveitum norðanlands. Garðrækt hefir ekki verið stunduð með árangri fyrr en á síðustu árum, en fer nú mjög vaxandi, svo að þess ætti ekki að verða langt að bíða, að ræktun sú nægi íbúðunum, en þeir eru nú 120 að tölu.⁴⁷

⁴⁶ Ferðafélag Íslands, Steinþór Steindórsson. 1938: Árbók: Eyjafjörður, leiðir og lýsingar, bls. 113-114.

⁴⁷ Ferðafélag Íslands, Steinþór Steindórsson. 1938: Árbók: Eyjafjörður, leiðir og lýsingar, bls. 114-115 (o.áfr. til 121).

4.3.1.1.1. Neðri Sandvík

Í Jarðabók segir um Neðri Sandvík:

Nedre-Sandvijk. Jarðardýrleiki fjórtán hundruð. Eigandinn er hans kóngleg Majestet, þessi jörð liggur undir Munkaþverár klaustur [...].⁴⁸

Í landamerkjabréfi Neðri-Sandvíkur, dags. 18. mars 1888 segir m.a.:

Í heimalandi ræður að utan til móts við Bása bein lína neðan frá Merkikletti í Lönguvík upp að merkjavörðu, sem er suður og upp af Djupulaut.

Að ofan ræður moti Almennungi brún sú, er ber við loft að heiman að sjá. Að sunnan ræður móti Efri-Sandvík bein lína frá merkjavörðu sem kölluð er Sandvíkurstríta í skurð ofantil við Músarhól og þaðan þvert í sjó fram.

Auk þessa heimalands fylgir Neðri-Sandvík hinn svonefndi Eyarfótur, sem er nyrzti tangi eyarinnar og afmarkar hann að vestan Skegglungagjá en að austan Kaldagjá. Merki á bjargi eru að norðan mitt á milli tveggja stórra steina utan og framanundir Prestabjargsurð og þaðan beint á bjarg upp. Að sunnan móti Efri Sandvík ræður lína neðan frá stritumynduðum steini í fjörunni á bjarg upp. Í almenníngi Grímseyar á jörðin rjetta tiltölu.⁴⁹

4.3.1.1.2. Efri Sandvík

Í Jarðabók segir um Efri Sandvík:

Efre-Sandvijk. Jarðardýrleiki fjórtán hundruð. Eigandinn er hans kóngleg Majestet, og liggur þessi jörð undir Möðruvalla klaustur [...].⁵⁰

Í landamerkjabréfi Efri-Sandvíkur, dags. 13. mars 1888 segir m.a.:

Í heimalandi ræður að utan móti Neðri-Sandvík skurður ofantil við Músahól og þaðan bein lína upp í merkjavörðu, sem kölluð er Sandvíkurstrýta. Að ofan ræður moti Almenníngi brún sú er ber við loft, heiman að sjá.

Að sunnan ræður moti Eyðum bein lína ofan frá Almenníngi sunnan við Steinabrekku en norðan við þrætubolla niður í Merkjaklett. Merki á bjargi eru að norðan moti Neðri Sandvík lína frá strytuminduðum steini í fjörunni á bjarg upp, en að sunnan moti Sveinstöðum bein lína frá merkjasteini í fjörunni upp í Melhaus. Í almenningi Grímseyar á jörðin rjetta tiltölu.⁵¹

4.3.1.1.3. Básar

Í Jarðabók segir um Básar:

Básar. Dýrleiki jarðarinnar fjórtán hundruð. Eigandinn er hans kóngleg Majestet, þessi jörð liggur undir Munkaþverár klaustur [...].⁵²

Í landamerkjabréfi Básar, dags. 13. mars 1888 segir m.a.:

⁴⁸ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, Eyjafjarðarsýsla (X. bindi), bls. 315.

⁴⁹ Eyjafjarðarsýsla, landamerkjabók 1890-1994, bls. 43.

⁵⁰ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, Eyjafjarðarsýsla (X. bindi), bls. 314.

⁵¹ Eyjafjarðarsýsla, landamerkjabók 1890-1994, bls. 44.

⁵² Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, Eyjafjarðarsýsla (X. bindi), bls. 315.

I heimalandi ræður að sunnan til mots við Neðri Sandvík bein lína neðan frá Merkjaletti í Lönguvík upp að merkjavörðu, sem er suður og upp af Djupulaut. Að norðan ræður móti sömu jörðu Skeggluúngagjá að vestanverðu, en Kaldagjá að austanverðu og afmarka gjár þessar Eyarfótinn, sem liggur undir Neðri-Sandvík.

Að ofan ræður móti Almenníngi brún sú, er ber við loft heiman að sjá.

Merki á bjargi eru að norðan Kaldagjá, en að sunnan bein lína lögð að neðan milli tveggja storra steina utan og framan undir prestabjargsurð og þaðan beint á bjarg upp. I almenníngi Grímseyar á jörðin rjetta ~~húdd~~ tiltölu.⁵³

4.3.1.1.4. Eiðar

Í Jarðabók segir um Eiða:

Eidar. Dýrleiki jarðarinnar er seytján hundruð. Þessi jörð liggur undir Möðruvalla klaustur [...].⁵⁴

Í landamerkjabréfi Eiða, dags. 13. mars 1888 segir m.a.:

Í heimalandi ræður að utan móti Efri-Sandvík bein lína neðan frá Merkjaletti upp fyrir utan þrætubolla, en sunnan Steinabrekku. Að ofan ræður móti Almenníngi brún sú, er ber við loft að heiman að sjá. Að sunnan ræður móti Sveinstoðum gamall túngarður bogadreginn, en upp frá garðinum bein lína, er lögð er yfir neðra og efra horn garðsins, allt upp að Almenníngi. Á bjargi eru merki að norðan móti Borgum um bjargröðul, sem byrjar að neðan á Borgaforvaða, og liggja merkin suður og upp roðulinn á þrætunöf. Að sunnan ræður ámóti miðgörðum Handfestargjá að ofan, en Miðflúð að neðan. I almenníngi Grímseyar á jörðin rjetta tiltölu.⁵⁵

4.3.1.1.5. Sveinsstaðir

Í Jarðabók segir um Sveinsstaði:

Sveinstader. Dýrleiki jarðarinnar er tíu hundruð. Eigandinn er hans kóngleg Majestet. Þessi jörð liggur undir Möðruvalla klaustur [...].⁵⁶

Í landamerkjabréfi Sveinsstaða, dags. 13. mars 1888 segir m.a.:

I heimalandi ræður að utan móti Eyðum gamall túngarður bogadreginn, en upp frá garðinum bein lína lögð yfir efra og neðra horn garðsins allt upp að Almenníngi. Að ofan ræður móti Almenníngi brún sú er ber við loft heiman að sjá. Að sunnan móti Miðgörðum ræður sjónhendíng niður frá Almenníngi norðan við Nyabæarbrunn í Merkiþúfu á Stertubakka, en frá þufunni bein bein stefna í flúð í flæðarmáli. Á bjargi eru merki að norðan móti Efri-Sandvík frá Melhaus að ofan niður í einkennilegan stóran stein í fjörunni. Að sunnan eru

⁵³ Eyjafjarðarsýsla, landamerkjabók 1890-1994, bls. 45.

⁵⁴ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, Eyjafjarðarsýsla (X. bindi), bls. 314.

⁵⁵ Eyjafjarðarsýsla, landamerkjabók 1890-1994, bls. 46.

⁵⁶ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, Eyjafjarðarsýsla (X. bindi), bls. 313.

merki móti Borgum upp frá þrem steinum að neðan suður og upp Merkjagjá.
I Almenníngi Grímseyar á jörðin rjetta tiltölu.⁵⁷

4.3.1.1.6. Miðgarðar

Í Jarðabók segir um Miðgarða:

Midgardar. Beneficium. [...] Innkost prestsins þar í eyjunni er jarða og lausafjár tíundir, heytollur, ljóstollur og dagsverk af þeim sem ei eru í skiftitíund. Af hverjum róðri hefur hann einn fis af skipum þeim er gánga í eyjunni. Frá Möðruvalla og Múapverár klaustrum uppber hann eitt hundrað á landsvísu af hverju fyrir sig.⁵⁸

4.3.1.1.7. Sveinagarður

Í Jarðabók segir um Sveinagarð:

Sveinagarðar. Dýrleiki jarðarinnar er tíu hundruð. Eigandinn er hans kóngleg Majestet, og liggur þessi jörð undir Möðruvalla klaustur [...].⁵⁹

Í landamerkjabréfi Sveinagarðs, dags. 13. mars 1888 segir m.a.:

I heimalandi ræður að utan móti Miðgöörðum sjónhendíng neðan frá árakletti upp í Merkjastein suður og upp frá Miðgöörðum og þaðan til Almenníngs; þó skakkar lítið eitt frá beinni línu á þeim vegi, þar sem tun þessara jarða ná saman því þar ræður forn túngarður. Að ofan ræður móts Almenníngi brún sú er ber við loft heiman að sjá. Að sunnan ræður móti Borgum bein lína ofan frá Almenníngi norðan við brunninn Gát, niður í Merkjaneff eður Hrafnaneff. Á bjargi eru merki að norðan móti Miðgöörðum laust norðan við Sveinagarðanöf að ofan, og undan syðsta sigi í Miðgarðabjargi að neðan; en að sunnan móti Ytri-Grenivík við Baðstofuröðul. I Almenníngi Grímseyar á jörðin rjetta tiltölu.⁶⁰

4.3.1.1.7. Borgir

Í Jarðabók segir um Borgir:

Borger. Dýrleiki jarðarinnar er fjórtán hundruð. Eigandinn er hans kóngleg Majestet, og liggur þessi jörð undir Möðruvalla klaustur [...].⁶¹

Í landamerkjabréfi Borga, dags. 13. mars 1888 segir m.a.:

Í heimalandi ræður að utan moti Sveinagöörðum bein lína neðaf af Hrafnarnefi eða Merkjaneffi í merkjavörðu norðan við brunninn Gát, og frá vorðu þessari sjónhendíng í aðra Merkjavörðu við Almenníng. Að ofan ræður móti Almenníngi brún sú er ber við loft heiman að sjá.

Að sunnan ræður móti Grenivíkur efst bein lína ofan frá Almenníngi í Merkjastein utan og ofanvið Sáðgarðsbrekku, en síðan í Merkjaklöpp á austur

⁵⁷ Eyjafjarðarsýsla, landamerkjabók 1890-1994, bls. 47.

⁵⁸ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, Eyjafjarðarsýsla (X. bindi), bls. 313.

⁵⁹ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, Eyjafjarðarsýsla (X. bindi), bls. 312.

⁶⁰ Eyjafjarðarsýsla, landamerkjabók 1890-1994, bls. 48.

⁶¹ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, Eyjafjarðarsýsla (X. bindi), bls. 312.

barmi Skíðalágar, og þaðan sjónhendíng í vörðu þá, sem Borgakross er kölluð, og allt til sjóar.

Á Bjargi eru merki að norðan moti Sveinsstöðum upp frá þremur steinum að neðan suður og upp Merkjagjá. Að sunnan moti Eyðum eru merki um bjargröðul sem byrjar að neðan á Borgaforvaða og liggur suður og upp í þrætunof. Í Almenníngi Grímseyar á jörðin rjetta tiltölu.⁶²

4.3.1.1.8. Grenivík

Í Jarðabók segir um Syðri-Grenivík og Ytri-Grenivík:

Syðre-Grenewijk. Dýrleiki jarðarinnar seytján hundruð, með einni hjáleigu, sem heitir Aratóft. Eigandinn er hans kóngleg Majestet, og liggur þessi jörð undir Múkaþverár klaustur [...].⁶³

Ytrie-Grenewijk. Dýrleiki jarðarinnar fjórtán hundruð. Eigandinn er hans kóngleg Majestet, og liggur þessi jörð undir Möðruvalla klaustur [...].⁶⁴

Í landamerkjabréfi Grenivíkur, dags. 13. mars 1888 segir m.a.:

Í heimalandi ræður að utan moti Borgum sjónhendíng neðan frá vörðu þeirri, sem kölluð er Borgakross, í Merkjaklöpp á austurbarmi Skíðalágar, og þaðan bein lína í Merkjastein utan og ofan við Sáðgarðsbrekku, en síðan bein stefna upp að Almenníngi. Að ofan ræður móti Almenníngi brún sú er ber við loft heiman að sjá, en að sunnan er sjórinn takmark.

Af landi þessu tilheyrir Ytri-Grenivík það sem hjer segir:

Í heimafjöru frá Hallgrímssteini að austan í Jónsflúð að vestan, Merkjaskorningur skilur tun Grenivíkna að neðan, en frá honum liggja merki mitt á milli bæanna yfir hóla tvo austur frá bæjunum. Heimaland á Ytri Grenivík frá götustíg úr tungarðshliði upp á móts við Tjarnir, og þar norður milli þeirra allt í norðurenda hnútu þeirrar, er verður niður af Sáðgarðsbrekku og svo niður í Merkjaklöpp í austur barmi Skíðalágar; þaðan yfir lágina eptir stefnu á Borgakross, þó eigi lengra en á vesturbarm lágurinnar og þaðan suður að tungarði; svo eptir honum ofan í toptarstofn fyrir sunnan Aratopt, en síðan eptir skurði yfir Grenivíkurlæg að hinum áðurtoldu merkjum í túninu. Fuglbjarg eiga Grenivíkur suður frá Sveinagarða bjargi. Í Almenníngi Grímseyar á hvor jörðin fyrir sig sjetta tiltölu – Um reka á Grenivíkurgjögrum fer eptir fornri venju.⁶⁵

4.3.1.2. Hrísey

Í Jarðabók segir m.a. um Hrísey:

Hrísey er ein umflotin ey, sem liggur utarlega á Eyjafirði, og eru tvær lögbýlisjarðir í þessari ey. Ytre bær eður Ystebær kallast sú norðari jörðin. [...]

⁶² Eyjafjarðarsýsla, landamerkjabók 1890-1994, bls. 49.

⁶³ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, Eyjafjarðarsýsla (X. bindi), bls. 310.

⁶⁴ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, Eyjafjarðarsýsla (X. bindi), bls. 311.

⁶⁵ Eyjafjarðarsýsla, landamerkjabók 1890-1994, bls. 50.

Syðrebær eður Syðstebær kallast syðri bærinn á eyjunni. [...] Salltnes, fornt eyðiból í þessrar jarðar landi vestur frá heimajörðunni, og hefur þar ekki bygt verið í manna minni, en ljós eru þar byggíngamerki. Aftur má hér byggja, því túnstæði er sæmilegt, en útslægjur mjög litlar. Huatastader, annað eyðiból í þessrar jarðar landi, austanvert á eyinni. Um það er sama að skrifa og hitt, að það hefur ei bygt verið frá gamallri tíð, en auðsjenar eru hjer tófta og girðinga leifar. Ekki má hjer aftur byggja, því túnstæði er lýngi vaxið.⁶⁶

Í Sýslu- og sóknarlýsingu segir m.a. um Hrísey:

Ein ey liggur hér í sókn og nefnist Hrísey, nú byggð með tveimur bæjum, en áður fleiri. Ey þessi er lengst til landsuðurs og útnorðurs, að lengd hér um $\frac{3}{4}$ p. mílu, en vart hálf míla á breidd austur og vestur, þar sem breiðust er. Ytri endi hennar er mjór og kallaðir Halar. Fyrir utan Birnunes rennur Þorvaldsáin í sjó til norðausturs, en nokkru utar liggur svonefndur Helluhöfði, og er frá meginlandi skemmst frá honum í eyrna, hér um $\frac{1}{3}$ p. mílu, stefna í hátt norður.⁶⁷

Í Hríseyju hafa með fyrsta verið 5 bæir, hverra hinn yzti og syðstri nú aðeins eru byggðir, en hinir nefndust Hvatastaðir, Miðbær og Saltnes. Langt er síðan bæir þessir hafa í eyði lagzt, en þó óvíst hversu langt, en af Reisubók Olavii millum 1770 og '80 sést, að þeir þá hafa í eyði verið.⁶⁸

Í landamerkjabréfi Syðsta- og Ystabæjar í Hrísey dags. 1. maí 1884 segir:

Við undirskrifaðir, búendur í Hrísey innan Eyjafjarðarsýslu, gefum hjer með til kynna að við erum ásáttir með landamerki þau, sem að verið hafa og garður tilvísar þvert yfir eyuna, og ræður í sjó fram Borgarbrík að austan og Merkisnes að vestan.⁶⁹

Í Árbók Ferðafélags Íslands (1938) segir m.a. um Hrísey:

Við Árskógarströnd breiðkar Eyjafjörður allmjög, svo að norðurhluti strandarinnar veit að kalla má við norðri. Þar undan liggur Hrísey. Virðist eigi fjarri að álíta, að hún séu leifar af straumlengjum sem hefir verið áföst við Árskógsströnd á sínum tíma. Hrísey er ein stærsta eyja við Ísland, 11,5 km² að stærð. Lengd hennar frá norðri til suðurs er 7 km, en breidd 2 $\frac{1}{2}$ km., þar sem hún er breiðust. Eyjan er breiðust að sunnan, en mjókkar og hækkar, er norðar dregur og er hæst við Hríseyjarvita 110 m. Að sunnanverðu er eyjan hæst um miðbikið og lækkar með aflíðandi halla til suðurs og vesturs, en að austan er hún nokkru sæbrattari og eru þar sjávarhamrar um 30 m. háir meðfram ströndinni, en klofnar í bása og vikur. Nyrzt að austan eru um 100 m. háir sandbakkar. Þar eru laugar um 70° heitar við sjávarmál. Þar heitir Laugakambur. Mestur hluti eyjarinnar er grasi vaxinn, gras- eða lyngmóar. Þó er mýrlendi nokkurs, þar sem eyjan er lægst, og er þar mikið móland. Land er þannig vel fallið til ræktunar, enda er það allmikið ræktarland eða um 45 ha., er gefa af sér

⁶⁶ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, Eyjafjarðarsýsla (X. bindi), bls. 97.

⁶⁷ Sögufélag Eyfirðinga, Magnús Kristinsson. 1972. Sýslu- og sóknalýsingar eyfirzk fræði, bls 93.

⁶⁸ Sögufélag Eyfirðinga, Magnús Kristinsson. 1972. Sýslu- og sóknalýsingar eyfirzk fræði, bls 98.

⁶⁹ Eyjafjarðarsýsla, landamerkjabók 1882-1890, bls. 61.

nálægt 1600 hestum af töðu. Garðrækt er þar einnig allmikil; hefir kartöfluuppskera verið þar mest 700 tonnur.⁷⁰

Áður skiptist eyjan í 5 jarðir, en nú um langt skeið hafa aðeins tvær verið byggðar. Yztibær og Syðstibær. Í Syðstabæjarlandi hefir frá síðustu aldamótum myndast sjávarþorp. Þar eru nú 55 íbúðarhús auk margra sjóhúsa, skólahúss og kirkju, er reist var 1928. Íbúar eyjarinnar eru 360, en helmingi fleiri á vertíðum. Í þorpinu er vatnsleiðsla; vatninu er dælt í þró, er liggur fyrir ofan þorpið og vatnið leitt þaðan um húsin. Þar er einnig vélknúin rafstöð. Sími var lagður til eyjarinnar 1912.⁷¹ Enda þótt landbúnaður sé nokkur í eyinni, þá er þó sjávarútvegur aðalvinnuvegur eyjarbúa. Þaðan er stunduð bæði þorsk og síldveiði, bæði á vélbátum og stærri skipum. Útflutningur frá eyinni hefur verið um 25000 tonnur síldar, 4000 skipfund saltfisks, 3-400 föt lýsis, auk annarra minni afurða. Samgöngur eru góðar við Hrísey. Lestaskip leggjast þar að jafnaði við bryggjur, og ferja gengur þaðan yfir á Árskógsströnd; er það um 20 mín. ferð á vélbát. Eyjan varð sjálfstæður hreppur 1931.⁷²

Morgunblaðið 31. júlí 1995:

Í Hrísey eru fimm landnámsjarðir, Syðstibær, Yztibær, Miðbær, Saltnes og Hvatastaðir. Hinar síðarnefndu jarðir fóru í eyði upp úr Svarta dauða, eftir aldamótin 1400, og nú eru aðeins byggðir tveir bæir á eyinni. [...] Um 300 fjár eru í eyinni, en það er óhæfilega mikill fjárstofn. Ber beutiland eyjarinnar ekki svo margt fé og spillir það jörðinni, 30-40 kýr eru í fjósum og þarf ekki að kaupa nema lítið eitt af mjólkurafurðum að úr landi. [...] Varp var áður töluvert og höfðu Hríseyingar af því nokkur hlunnindi. [...] Eyjan sjálf er stór og víðlend, 7 km á lengd og 2 á breidd [...] að stærðarhlutföll hennar og Grímseyjar væru 11:7, Hrísey það stærri. Íbúðarhús í eyinni eru um 50 talsins, ný og gömul eins og gengur [...]. Hafa 300 manns búíð í eyinni þegar flest hefur verið.

Í skýrslu Orra Vésteinssonar (Fornleifastofnunar Íslands) um fornleifar í Hrísey segir m.a. um byggðasögu eyjarinnar:

Í Landnámabók er getið óbeint um landnám í Hrísey því Ingjaldr sonur Helga magra er þar sagður hafa átt Salgerði dóttur Steinólfs hins lága úr Hrísey, sonar Ölvis barnakarls. Einnig kemur þar fyrir yngri maður að nafni Hríseyjar-Narfí og var hann sonur Þrándar Narfasonar Þormóðssonar ramma landnámsmanns í Siglufirði. Hríseyjar-Narfí átti Úlfeði dóttur Ingjalds Helgasonar magra og hefur eyjan verið ættleifð hennar. Synir þeirra, Ingjaldr og Klængur, bjuggu í Hrísey eftir þau og segir frá deilum og vígi Klængs í Víga-Glúms sögu. Hrísey kemur einnig við sögu í Reykdæla sögu og Víga-Skútu en þar segir ekki frá bændum þar [...]. Getið er um bæinn í Hrísey og síðan sagt frá bardaga þeirra Vémundar og Steins í naustinu. Af þessari heimild má ráða að fyrir utan búskap hafa verið stundaðir róðrar frá Hrísey þegar á 13. öld og hafa bændur á

⁷⁰ Ferðafélag Íslands, Steinþór Steindórsson. 1938: Árbók: Eyjafjörður, leiðir og lýsingar, bls. 67.

⁷¹ Ferðafélag Íslands, Steinþór Steindórsson. 1938: Árbók: Eyjafjörður, leiðir og lýsingar, bls. 67-68

⁷² Ferðafélag Íslands, Steinþór Steindórsson. 1938: Árbók: Eyjafjörður, leiðir og lýsingar, bls. 68

meginlandinu haft þar skipsuppsátur og sennilega aðra aðstöðu til útgerðar. Næst er getið um Hrísey í heimildum 14. júlí 1202 en þann dag sté Guðmundur Arason, þá biskupsefni á leið til vígslu í Noregi, á land í Hrísey og sagði þar messu. Þó ekki sé það tekið fram beint í frásögn þessari má af henni ráða að þá hafi verið komin kirkja í Hrísey. Hríseyjar-Böðvar Hallsson hét maður er var uppi um miðja 13. öld. Um hann er ekkert annað vitað en nafnið og að systir hans var gift Sigurði Þorsteinssyni í Hvammi í Vatnsdal. Þær mægðir benda til að Böðvar hafi verið í betri bændu tölu.⁷³

Þessar heimildir segja næsta lítið annað en það sem ætla má, að byggð hafi snemma hafist í Hrísey og að þar hafi ekki búið eintómur kotungar auk þess sem mikilvægi útgerðar í eyrni kemur skýrt fram. Þó að ekki komi fram í heimildunum að tveir eða fleiri bæir hafi verið í Hrísey þá eru þær ekki þess eðlis að hægt sé að túlka þær þannig að þar hafi til að byrja með verið aðeins einn bæ. Hugsanlega hefur fyrstu aldirnar verið eitt aðalbýli í Hrísey og önnur býli verið hjáleigur þaðan, en ekkert verður þó fullyrt um það. 1318 eru greinilega þrjú býli í Hrísey því það ár er Munkaþverárklostur talið eiga þar bæði Ystabæ og Miðbæ. Nöfnin benda sterklega til að aðeins hafi verið eitt býli í viðbót, Syðstibær, en þess er þó ekki getið með nafni. Guðmundur góði kom aftur til Hríseyjar 1232 Fornleifar í Hrísey 11 fyrr en 1461. Nöfnin benda enn fremur ekki til þess að einn bærinn hafi verið öðrum betri. Ljóst er af máldaga Munkaþverár að Miðbær hefur verið í byggð í byrjun 14. aldar og sennilega hefur jörðin einnig verið byggð 1461 en frá því ári hefur varðveist annar máldagi klostursins.⁸ Í þriðja máldaga klostursins, frá 1525, er Ystibær hinsvegar talinn einn og sér en síðar í sama skjali er getið um Miðbæ meðal ítaka Munkaþverár og má af því ráða að jörðin hafi þá verið farin í eyði en ennþá verið álitin sérstök eign. Ekki er getið um Miðbæ eftir þetta fyrr en í jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1712. Af jarðabókinni er ljóst að Miðbær hafði þá verið í eyði lengur en elstu menn gátu munað og var þá talið að jörðin hefði “eyðilagst í stóru plágunni Anno 1400.” Að ofansögðu er ljóst að hafi Miðbær farið í eyði í plágunni 1402-4 þá hefur hún byggst aftur, en ekki er óhugsandi að hún hafi farið endanlega í eyði í seinni plágunni 1493 þó eins líklegt sé að til þess hafi legið allt aðrar ástæður.⁷⁴

Í máldaga Munkaþverárklosturs frá 1446 er sagt að klaustrið eigi hálfa Hrísey, og bendir það til að Ystibær og Miðbær hafi hvor um sig verið minni jarðir en Syðstibær en eftir að Miðbær lagðist í eyði og land hennar var sameinað Ystabæ voru aðaljarðirnar tvær í Hrísey álíka stórar og var hvor um sig metin á 20 hundruð 1686 og sennilega einnig 1675 en þá var eyjan metin á 40 hundruð.¹³ Það ár gaf konungur Hinrik Bjelke aðmírál og hirðstjóra á Íslandi Hrísey ásamt fjölda annara jarðeigna á Íslandi. Konungur hafði eignast Ystabæ og Miðbæ eins og aðrar jarðir Munkaþverárklosturs eftir siðaskiptin en ekki er þess getið í prentuðum heimildum hvernig eða hvenær krúnan komst yfir Syðstibæ, en ekki er annað vitað en að sú jörð hafi verið bændaeign allar miðaldir og

⁷³ Fornleifaskráning í Eyjafirði XIII. *Fornleifar í Hrísey*. Orri Vésteinsson, Fornleifastofnun Íslands, Reykjavík 1999, bls. 9-10.

⁷⁴ Fornleifaskráning í Eyjafirði XIII. *Fornleifar í Hrísey*. Orri Vésteinsson, Fornleifastofnun Íslands, Reykjavík 1999, bls. 10-11.

þessvegna fram á 17. öld. Af almennum líkum má þó ráða að konungsvaldið gæti hafa seilst til jarðarinnar mun fyrr. Árið 1424 rændu Englendingar í Hrísey og brenndu kirkjuna þar. Í skýrslu um þessa atburði segir að þeir hafi lagt alla eyjuna í eyði, en líklegt má telja að það hafi verið ýkjur. [...]Þessir atburðir gefa tilefni til vangaveltna um hversvegna hinir ensku fóru með óspektum um Hrísey og brenndu þar kirkjuna. Engin vissa getur fengist um það en freistandi er að stinga upp á þeim möguleika að í Hrísey, þ.e. Syðstabæ, hafi verið stunduð verslun á vegum konungs á 15. öld, og jafnvel að hann hafi þá þegar átt jörðina. Það gæti gert skiljanlegra að Englendingar hafi kosið að fara þar um ránshendi.[...]⁷⁵

Ekki er getið um verslun í Hrísey fyrr en á 17. öld. Á alþingi 1661 var gerð fyrispurn um höndlan Jónasar Trelunds og hans fólks í Hrísey og fengust þau svör að hann höndlaði með leyfi konungs með einhverjum ótilgreindum takmörkunum sem áttu að tryggja að verslun hans væri “hvorki landinu né landsmönnum ... til skaða.” Fleiri en Jónas þessi hafa haft verslun í Hrísey á þessum árum því 1670 var Þorvaldur nokkur Gunnlaugsson í Hrísey kærður fyrir að hafa tekið góss er Markús Jóhannsson Mumm hefði í Hríseyjarbúðum eftir sig látið. Af þessu verður ekki annað ráðið en að Markús Mumm hafi haft verslun í Hrísey og skilið þar eftir vöru um veturinn sem einn eyjarskeggja hefur freistast til að fá lánaða. [...] Hrísey var aldrei regluleg kauphöfn á einokunartímanum (1602-1787) enda hlutfallslega stutt þaðan til Akureyrar. Umsvif hinna dönsku manna í Hrísey á seinni hluta 17. aldar gætu tengst versluninni á Akureyri, t.d. þannig að Akureyrarkaupmenn hafi haft einhverskonar útibú eða aðstöðu í Hrísey. Til dæmis má nefna að 1787 var búið að reisa 20 álna langt fiskverkunarhús í Hrísey sem heyrði undir Akureyrarverslun. Einnig má vera að Akureyrarkaupmenn hafi haft ítök í Hrísey til að sporna gegn verslun við útlendinga en í skýrslu frá 1722 er Hrísey nefnd meðal þeirra staða á Íslandi þar sem útlenskir duggarar héldu sig mest.⁷⁶

Af almennum líkum og þeim litlu vísbendingum sem hafa má úr heimildum má ráða að fyrir utan landbúnað og sjóróðra eyjarskeggja hafi allt frá miðöldum verið töluvert um útgerð og viðskipti aðkomumanna í eyinni. Árskógsbóndi hefur átt þar naust á 13. öld og nafnið Krossatóftir, nyrst í Hrísey, er skýrt þannig að þar hafi bændur á Krossum á Árskógsströnd haft aðstöðu til útgerðar. Hríseyjarbúðir þær sem Mumm kaupmaður geymdi vöru sína í hafa sennilega verið syðst á eyinni og þar væri helst að leita minja um útgerð og verslun á fyrri öldum. Útgerð aðkomumanna var ekki svo mikil á seinni öldum að hægt sé að tala um verstöð í Hrísey. 1712 höfðu verið fjórar verbúðir í landi Syðstabæjar og hafði bóndinn þar leigt þær út til sjómanna. Verbúðir eru einnig skammt sunnan við bæjarstæði Hvatastaða austan á eyinni og hefur þar fundist krítarpípubrot sem bendir til að þaðan hafi verið róíð á 18. öld og/eða byrjun

⁷⁵ Fornleifaskráning í Eyjafirði XIII. *Fornleifar í Hrísey*. Orri Vésteinsson, Fornleifastofnun Íslands, Reykjavík 1999, bls. 11-12.

⁷⁶ Fornleifaskráning í Eyjafirði XIII. *Fornleifar í Hrísey*. Orri Vésteinsson, Fornleifastofnun Íslands, Reykjavík 1999, bls. 12-13.

19. aldar. Útgerð jókst síðan mjög í Hrísey á 19. öld og í kjölfar hennar kom regluleg verslun í eyna. [...] ⁷⁷

Áður er þess getið að kirkja hafi verið komin í Hrísey er Guðmundur góði sté þar í land og sagði messu sumarið 1202. Það hefur sennilega verið kirkjan í Syðstabæ og það hefur sömuleiðis verið hún sem Englendingar brenndu 1424. Slitur af máldaga Hríseyjarkirkju er til frá 1318 og eru þar taldir þeir gripir sem kirkjan átti. [...] Kirkju í Syðstabæ er þó ekki getið með berum orðum fyrr en 1461 en þá eru hún og bænhús í Ystabæ talin meðal minniháttar guðshúsa í Árskógspingum. [...] Í annari skrá sem talin er frá sama ári [1461] er þó talinn prestur í Hrísey en hinsvegar ekki í sambærilegri skrá frá 1429. Þar gæti þó valdið hadvömm því að í niðurlagi skrárinnar eru sóknarkirkjur í Hólabiskupsdæmi taldar 108 með Grímsey, Flatey og Hrísey. [...] Kirkjan í Syðstabæ var enn í notkun 1712 en var lögð niður með konungsbréfi 17. maí 1765. Kirkjan í Syðstabæ er vitnisburður um að þar hafi lengstaf verið meiri umsvif en sem svaraði búskap á tveimur meðaljörðum. Henni hefur verið haldið við því að fjöldi aðkomumanna hefur verið nægur og stöðugur til að standa undir slíkum rekstri. Um bænhús í Ystabæ er aðeins getið einu sinni, í skránni frá 1461, og er ekki er vitað hvar það hefur verið. ⁷⁸

Áður hefur þess verið getið að konungur gaf Hinrik Bjelke aðmírál Hrísey alla 1675 en eftir það aukast mjög heimildir um eignarhald og byggð í eyinni. Bjelke seldi Hrísey strax aftur sr. Sæmundi Oddssyni en 1681 seldi Sr. Sæmundur Hrísey. sr. Skúla Þorlákssyni, syni Þorláks Skúlasonar biskups. Sr. Skúli dó í stórubólu 1703 og erfði þá systir hans, Jórunn Þorláksdóttir, eyna og átti hún hana enn 1712. Jórunn var eiginkona Brynjólfs Þórðarsonar sýslumanns á Hlíðarenda, sem var mesti eignamaður á Íslandi í byrjun 18. aldar. Hrísey hélst lengi í þeirri fjölskyldu og það var ekki fyrr en 1779 að sonur þeirra Jórunnar og Brynjólfs, Þórður Thorlacius, seldi eyinna til Sigurðar Sigurðssonar landþingsskrifara. Á 19. öld komust fleiri eigendur að Hrísey og fylgdi Miðbæjarland fyrst í stað Syðstabæ en var á 20. öld keypt af eiganda Ystabæjar og liggurnú undir þá jörð. Athyglisvert er að merki milli jarðanna þriggja fylgja enn miklu görðum sem liggja þvert yfir eyna og eru þeir vafalaust mun eldri en það er Hrísey komst öll á hendur konungs. ⁷⁹

Í jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1712 eru talin auk Miðbæjar, eyðibýlin Hvatastaðir og Saltnes í landi Syðstabæjar og hafði hvorugt verið byggt í manna minnum. Eins og í Miðbæ eru enn tóftaleifar á þessum stöðum sem sýna að þar hefur verið búíð en ekki er ljóst hvenær það hefur verið. Örnefnið Saltnes bendir til saltvinnslu og er jarðhiti í fjöruborðinu framan við bæjarstæðið þar, sem hægt hefur verið að nýta til að vinna salt úr sjó. [...] Saltnes er í landi Syðstabæjar og erfitt að ímynda sér að landamerki hafi legið svo á annan hátt á 14. öld að Saltnes hafi þá tilheyrt Miðbæ eða Ystabæ. Sennilegra

⁷⁷ Fornleifaskráning í Eyjafirði XIII. *Fornleifar í Hrísey*. Orri Vésteinsson, Fornleifastofnun Íslands, Reykjavík 1999, bls. 13.

⁷⁸ Fornleifaskráning í Eyjafirði XIII. *Fornleifar í Hrísey*. Orri Vésteinsson, Fornleifastofnun Íslands, Reykjavík 1999, bls. 13-14.

⁷⁹ Fornleifaskráning í Eyjafirði XIII. *Fornleifar í Hrísey*. Orri Vésteinsson, Fornleifastofnun Íslands, Reykjavík 1999, bls. 14.

hlýtur að teljast að fleiri saltvinnslustaðir hafi verið í eyinni og hefur þessi iðnaður því verið allmikilvægur fyrir eyjarskeggja á miðöldum.⁸⁰

Á seinni hluta 19. aldar eflidist útgerð frá Hrísey og myndaðist þá þorp í Syðstabæjartúni sem teygði sig vestur til Saltness og austur til Hafnarvíkur. Fyrir utan skammvinna búskapartilraun í Miðbæ hefur hinsvegar ekki verið byggt að ráði annarstaðar í Hrísey og er það ástæða þess að fornleifar eru þar óvenju miklar og vel varðveittar.⁸¹

Í 6. kafla skýrslunnar er að finna samantekt á fornleifum og byggð í Hrísey. Þar segir m.a.:

Hrísey er um 11,5 km² að flatarmáli, um 7 km að lengd og 2,5 km þar sem hún er breiðust. Hún rís hæst um 110 m yfir sjó norðaustan við Ystabæ [...].⁸²

Öll hefur eyjan verið gróin á landnámsöld, sennilega birkikjarri eins og nafn hennar bendir til. Á seinni öldum er getið um uppblástur í Hrísey og virðist hann hafa stafað af ofbeit. Enn eru berir melar sumstaðar, einkum á norðurhluta eyjarinnar en hún er óðum að gróa upp enda hefur ekkert sauðfé verið í Hrísey frá 1974.⁸³

Fyrir utan búfjárbæit og útræði hafa eyjarskeggjar haft talsvert gagn af varpfugli og er þess getið í heimildum frá 18. öld. Jarðhiti er við Hrísey og hefur hann verið nýttur til saltgerðar á miðöldum.⁸⁴

Bæjarhólar myndast þar sem bæir hafa staðið á sama stað um aldir. [...] Þrír gamlir bæjarhólar eru í Hrísey og eru þeir allir skemmdir að einhverju leyti. Á bæjarhólunum í Syðstabæ stendur steinhús frá byrjun aldarinnar. [...].⁸⁵

Í Miðbæ hefur ekki verið búið hinar síðari aldir en þar er engu að síður allstór og breiður hóll.⁸⁶

Á bæjarhóli Ystabæjar stendur timburhús [...]. Leifar yngstu bæja í Ystabæ hafa horfið við framkvæmdir á þessari öld [...].⁸⁷

Fyrir utan bæjarhólana eru a.m.k. tvö bæjarstæði, Saltness og Hvatastaða. [...].⁸⁸

Í Hrísey eru aðeins fjögur útihús skráð sérstaklega en þar fyrir utan eru nokkur sem skráð eru sem hluti bæjarstæða Miðbæjar (4), Hvatastaða (1) og Saltness (1). [...] Án efa hafa verið fleiri útihús í hinu forna Syðstabæjartúni en heimildir skortir um það því túnakort var ekki gert fyrir þá jörð 1917 enda hefur skepnubúskapur þar þá verið lítill sem enginn. [...].⁸⁹

⁸⁰ Fornleifaskráning í Eyjafirði XIII. *Fornleifar í Hrísey*. Orri Vésteinsson, Fornleifastofnun Íslands, Reykjavík 1999, bls. 14-15.

⁸¹ Fornleifaskráning í Eyjafirði XIII. *Fornleifar í Hrísey*. Orri Vésteinsson, Fornleifastofnun Íslands, Reykjavík 1999, bls. 15.

⁸² Fornleifaskráning í Eyjafirði XIII. *Fornleifar í Hrísey*. Orri Vésteinsson, Fornleifastofnun Íslands, Reykjavík 1999, bls. 40.

⁸³ Fornleifaskráning í Eyjafirði XIII. *Fornleifar í Hrísey*. Orri Vésteinsson, Fornleifastofnun Íslands, Reykjavík 1999, bls. 40.

⁸⁴ Fornleifaskráning í Eyjafirði XIII. *Fornleifar í Hrísey*. Orri Vésteinsson, Fornleifastofnun Íslands, Reykjavík 1999, bls. 40.

⁸⁵ Fornleifaskráning í Eyjafirði XIII. *Fornleifar í Hrísey*. Orri Vésteinsson, Fornleifastofnun Íslands, Reykjavík 1999, bls. 40.

⁸⁶ Fornleifaskráning í Eyjafirði XIII. *Fornleifar í Hrísey*. Orri Vésteinsson, Fornleifastofnun Íslands, Reykjavík 1999, bls. 41.

⁸⁷ Fornleifaskráning í Eyjafirði XIII. *Fornleifar í Hrísey*. Orri Vésteinsson, Fornleifastofnun Íslands, Reykjavík 1999, bls. 41.

⁸⁸ Fornleifaskráning í Eyjafirði XIII. *Fornleifar í Hrísey*. Orri Vésteinsson, Fornleifastofnun Íslands, Reykjavík 1999, bls. 41.

⁸⁹ Fornleifaskráning í Eyjafirði XIII. *Fornleifar í Hrísey*. Orri Vésteinsson, Fornleifastofnun Íslands, Reykjavík 1999, bls. 42.

Miklir túngarðar, mun eldri en frá 19. öld, eru um tún Miðbæjar, Hvatastaða og Saltness og eru þeir hluti af hinu mikla garðakerfi Hríseyjar. Einnig er garðspotti við Krossatóftir nyrst á eyinni.⁹⁰

Sérkenni á Hríseyskum fornleifum eru hinir miklu garðar sem liggja um eyjuna þvera og endilanga. Sumir þessara garða virðast vera landamerkjagarða. Þannig liggja tveir garðar samhliða þvert yfir eyjuna sinn hvoru megin við bæjarstæði Miðbæjar og er einsætt að þeir hljóti að vera merkjagarðar enda hafa merki milli jarðanna í Hrísey fylgt þeim fram á 20. öld. Fyrir utan þessa garða er langur garður utan um bæjar- og túnstæði Hvatastaða og er alls óvíst hvaða hlutverki hann hefur gegnt. Svæðið sem hann afgirðir er miklu stærra en svo að hann hafi átt að verja tún og virðist hann því hafa verið gerður til að skipta högum. Ef til vill hefur kotinu ekki tilheyrt annað land en það sem innan garðsins er eða að hann hefur verið gerður til að skipta högum í heimahaga og úthaga og er þó ekki ljóst hversvegna slík skipting hefði átt að vera talin nauðsynleg.⁹¹

Ljóst er þó að einhverskonar skipting bithaga hefur verið við lýði á fyrri tíð, einkenni búskaparháttanna sem ekki þekkjast frá seinni öldum, því nærri 3 km langur garður liggur frá suðausturhorni eyjarinnar til norðurs í gegnum allt Syðstabæjarland og Miðbæjarland og spölkorn inn í Ystabæjarland. Annar garður, styttri, liggur samsíða þessum að vestan á um 1 km löngu bili. Erfitt er að geta til um hlutverk þessara garða en mikilsvert væri að gera rannsókn á því.⁹²

4.3.2. Heimildir um eyjur, sker og aðrar landfræðilegar einingar ofan sjávar sem heyra undir jörð

4.3.2.1. Nunnuhólmi

Í Jarðabók segir m.a. um jörðina Krossanes ytra:

Eggver af æðarfugli hefur að nokkru gagni verið í einum litlum sjáfarhólma, sem Nunnuhólmi kallast. Það eggver hefur öldungis brugðist nú og næstliðið ár.⁹³

Í Sýslu- og sóknarlýsingum segir m.a. Krossanes:

Skammt frá Krossanesi, innan Lögmannshlíðarsóknar, nefnist Nunnuhólmi, skeri líkari heldur en eyju.⁹⁴

4.3.3. Eyjur, sker og aðrar landfræðilegar einingar ofan sjávar sem getið er í heimildum

Engar heimildir hafa fundist um aðrar eyjur, sker eða aðrar landfræðilegar einingar ofan sjávar í Eyjafjarðarsýslu.

⁹⁰ Fornleifaskráning í Eyjafirði XIII. *Fornleifar í Hrísey*. Orri Vésteinsson, Fornleifastofnun Íslands, Reykjavík 1999, bls. 41.

⁹¹ Fornleifaskráning í Eyjafirði XIII. *Fornleifar í Hrísey*. Orri Vésteinsson, Fornleifastofnun Íslands, Reykjavík 1999, bls. 43-44.

⁹² Fornleifaskráning í Eyjafirði XIII. *Fornleifar í Hrísey*. Orri Vésteinsson, Fornleifastofnun Íslands, Reykjavík 1999, bls. 44.

⁹³ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, Eyjafjarðarsýsla (X. bindi), bls. 193.

⁹⁴ Sögufélag Eyfirðinga, Magnús Kristinnson. 1972. Sýslu- og sóknalýsingar eyfirzk fræði, bls 164.

5. KRÖFUSVÆÐI OG RÖKSEMDIR

5.1. Almennt

Af hálfu íslenska ríkisins er byggt á því að allar eyjar, sker og aðrar landfræðilegar einingar sem eru ofansjávar á stórstraumsfjöru á svæði sem afmarkast annars vegar af stórstraumsfjöruborði meginlandsins og hins vegar af ytri mörkum landhelginnar á þeim hluta svæðis 12 sem fellur innan hluta C, Norðurland Eystra, teljist þjóðlenda í skilningi 1. og 2. gr. laga nr. 58/1998. Tekur krafa ríkisins til allra nafngreindra og að öðru leyti tilgreindra eyja, skerja og annarra landfræðilegra eininga sem taldar eru í kafla 5.2 og allra annarra ónafngreindra og ótilgreindra eyja, skerja og annarra landfræðilegra eininga, sbr. kafli 5.3. Í kafla 5.4 eru taldar þær eyjar, sker og landfræðilegu einingar sem krafa ríkisins tekur *ekki* til.

Byggt er á því að þær eyjar, sker og aðrar landfræðilegar einingar sem krafa ríkisins tekur til, sbr. kaflar 5.2 og 5.3, hafi verið utan landnáms, nema annað sé tekið sérstaklega fram. Af frásögnum Landnámu er einstakra kröfusvæða ýmist ekki getið eða getið án þess að unnt sé að ráða hvort þar hafi menn hafið búsetu eða einungis farið þar um. Af frásögnum Landnámu verður því ekki ráðið að landnám hafi náð til kröfusvæðanna. Verða því engar afdráttarlausar ályktanir dregnar af þeim lýsingum um stofnun beins eignarréttar yfir svæðunum í öndverðu. Verði talið að svæðin kunni að hafa verið numin í heild eða að hluta er á því byggt að það hafi verið til takmarkaðra nota, eða þá hitt, að beinn eignarréttur, sem þannig kann að hafa stofnast í öndverðu, hafi fallið niður og svæðin síðar verið tekin til takmarkaðra nota annarra.

Á því er einnig byggt að af fyrirliggjandi heimildum, sbr. kafli 4 hér að framan, verði ekki ráðið að stofnast hafi til beins eignarréttar að kröfusvæðunum með öðrum hætti. Af fyrirliggjandi heimildum verður ekki annað ráðið en að að því marki sem kröfusvæðin hafa verið nýtt þá hafa þau eingöngu verið nýtt með takmörkuðum hætti eða til nýtingar á tilteknum hlunnindum, í flestum tilvikum til beitar, fuglaveiði og eggjatöku. Þrátt fyrir að heimildir bendi til þess í einhverjum tilvikum að tilteknar jarðir eða tilteknir aðilar hafi kallað til réttinda á einstökum kröfusvæðum, þá benda þær heimildir ekki til þess að slíkt tilkall hafi eða geti grundvallast á beinum eignarrétti, auk þess sem óljóst er hvernig viðkomandi jarðir eða aðilar voru tilkomnar að þeim réttindum.

Þá er á því byggt að landfræðilegar aðstæður bendi sérstaklega til þess að ekki hafi stofnast til beins eignarréttar að kröfusvæðunum. Um er að ræða eyjur, sker og aðrar landfræðilegar einingar sem hafa verið og eru ekki vel fallnar til búsetu, þrátt fyrir að eftir atvikum hafi verið unnt að hafa af þeim ýmsar nytjar. Að því marki sem heimildir benda til þess að búseta hafi verið á kröfusvæðunum virðist hafa verið um að ræða takmarkaðar og stopular tilraunir þar að lútandi.

Vísast hér að öðru leyti til 4. kafla kröfulýsingar þessarar, þar sem teknar hafa verið saman fyrirliggjandi heimildir um hvert svæði.

Tekið skal fram að kröfulýsing þessi byggist á þeim heimildum sem liggja fyrir við gerð kröfulýsingarinnar og ber því ekki að líta svo á að um sé að ræða tæmandi umfjöllun eða rökstuðning fyrir kröfugerð íslenska ríkisins.

Að öðru leyti er vísað til almennra sjónarmiða sem gilda í þjóðlendumálum, dómafordæma Hæstaréttar Íslands og Landsréttar, eftir því sem við á, sem og til almennra niðurstaða óbyggðanefndar, með viðaukum, sem birtar eru á heimasíðu nefndarinnar.

5.2. Nafngreind svæði innan kröfu íslenska ríkisins

Af hálfu íslenska ríkisins er þess krafist að eftirfarandi nafngreindar og að öðru leyti tilgreindar eyjur, sker og aðrar landfræðilegar einingar eyjar, sker og aðrar landfræðilegar einingar sem eru ofansjávar á stórstraumsfjöru á svæði sem afmarkast annars vegar af stórstraumsfjöruborði meginlandsins og hins vegar af ytri mörkum landhelginnar á þeim hluta svæðis 12 sem fellur innan hluta C, Norðurland Eystra, teljist þjóðlenda í skilningi 1. og 2. gr. laga nr. 58/1998:

1. *Hluti Grímseyjar*

Þess er krafist að sá hluti Grímseyjar sem telst falla utan heimalanda jarða á Grímsey samkvæmt landamerkjabréfum þeirra, sbr. kafli 4 kröfulýsingar þessarar, teljist þjóðlenda. Sá hluti Grímseyjar sem þjóðlendukrafa nær til afmarkast með eftirfarandi hætti:

Upphafspunktur er við sjó við Skegluungagjá (1). Þaðan eftir gjánni upp á brúnir við Köldugjá (2). Þaðan eftir brúnum til suðurs allt að merkjavörðu sem kölluð er Sandvíkurstrýta (3) og áfram eftir brúnum vestan Eiðastrýtu og Sveinagarðaaxlar og síðan beina stefnu til sjós við Grenivíkurtjarnir (4). Þaðan norður eftir ströndinni um Grenivíkurbjarg, Sveinagarðabjarg, Miðgarðabjarg, Eiðabjarg, Borgabjarg, Sveinsstaðabjarg, Efri-Sandvíkurbjarg, Neðri-Sandvíkurbjarg og um Eyjarfót allt að upphafspunkti við Skegluungagjá.

Við afmörkun á því svæði sem fellur innan þjóðlendukröfu samkvæmt framangreindu er miðað við að heimalönd jarða á Grímsey, eins og þau eru afmörkuð í landamerkjabréfum, teljist eignarlönd og falli utan þjóðlendukröfu. Allt svæði á Grímsey utan heimalanda teljist hins vegar þjóðlenda. Í þessu sambandi er horft sérstaklega til þess að í landamerkjabréfum jarða á Grímsey eru heimalönd þeirra á vestanverðri Grímsey afmörkuð sérstaklega gagnvart Almennungi og afmörkuðum réttindasvæðum á bjargi á austanverðri eyjunni. Í landamerkjabréfunum eru heimalönd þannig afmörkuð sérstaklega til austurs gagnvart Almennungi af þeirri fjallsbrún sem ber við frá bæjunum. Sjá hér t.d. landamerkjabréf Neðri-Sandvíkur frá 18. mars 1888, þar sem segir m.a.: „Að ofan ræður moti Almennungi brún sú, er ber við loft að heiman að sjá.“ Sambærilega lýsingu er að finna í landamerkjabréfum annarra jarða.

Að því er varðar framangreinda afmörkun að öðru leyti vísast til þess að í landamerkjabréfi Bása frá 13. mars 1888 kemur fram að að norðan ráði Skeggluungagjá og Kaldagjá, sem afmarka Eyjarfótinn sem liggur undir Neðri-Sandvík, en af þeirri lýsingu verður ekki annað ráðið en að heimaland Bása afmarkist af Skeggluungagjá til norðurs og brúnum til austurs. Þá vísast til þess að af landamerkjabréfi Grenivíkur frá 13. mars 1888 verður ekki annað ráðið en að heimaland þeirrar jarðar takmarkist af línu sem dregin er frá þeim brúnum sem afmarka heimalönd frá Almennungi í sjó við Grenivíkurtjarnir.

2. *Deildarsker*

3. *Örfirisey*

4. *Mánáreyjar*

5. *Lundey*

6. *Nunnubólmi*

7. *Kolbeinsey*

8. *Hrólfssker*

9. *Staðarey*
10. *Hestur*
11. *Meri*
12. *Folald*
13. *Eistun tvö*
14. *Fuglasker*
15. *Kvíasker*
16. *Mælir*
17. *Engelsku-flúðir*
18. *Hálfunnarsker*
19. *Hákarlsbaus*
20. *Traðarsker*
21. *Ríflar*
22. *Þistlingar*
23. *Þyrsklingar*
24. *Geiri*
25. *Gjögrasker*
26. *Gunnbjarnarsker*
27. *Kerling*
28. *Lambasker*
29. *Þyrsklingur*
30. *Guddari*
31. *Tá*
32. *Fiskisker*
33. *Lundey*
34. *Mánáreyjar Háey Lágey Háeyjarberg*
35. *Kópasker*
36. *Brekksker*
37. *Kollur*
38. *Hólminn*
39. *Stakkar*
40. *Stakkatorfa*
41. *Hnallur*
42. *Skarfajflös*
43. *Breidavíkursker*

44. *Sveinar*
45. *Kerling*
46. *Hesturinn*
47. *Kerlingarvík*
48. *Stóri-Stakkur*
49. *Litli-Stakkur*

5.3. Ónafngreind svæði innan kröfu íslenska ríkisins

Af hálfu íslenska ríkisins er áréttað að auk framangreindra nafn- og tilgreindra eyja, skerja og annarra landfræðilegra eininga ofansjávar tekur krafa ríkisins jafnframt til allra annarra ónafngreindra og ótilgreindra eyja, skerja og annarra landfræðilegra eininga sem eru ofansjávar á stórstraumsfjöru á svæði sem afmarkast annars vegar af stórstraumsfjöruborði meginlandsins og hins vegar af ytri mörkum landhelginnar á þeim hluta svæðis 12 sem fellur innan hluta C, Norðurland Eystra. Fyrir liggur að um slík svæði er að ræða, en að um þau er ekki fjallað í heimildum og þau ekki merkt á kort, þannig að unnt sé að nafngreina eða tilgreina þau með öðrum skýrum hætti.

Tekið er fram að áskilinn er réttur til að bæta eyjum, skerjum og öðrum landfræðilegum einingum inn í kafla 5.2 kröfulýsingar þessarar um nafngreind og að öðru leyti tilgreind svæði, eftir því sem heimildaöflun og rannsóknarvinnu vindur fram undir rekstri málsins. Af hálfu ríkisins er litið svo á að í slíku muni ekki felast aukning á kröfum ríkisins, heldur að svæði séu færð úr kafla 5.3 um ónafngreind svæði í kafla 5.2 um nafngreind svæði.

5.4. Utan kröfu íslenska ríkisins

Þjóðlendukrafa íslenska ríkisins tekur ekki til eyjanna Flateyjar á Skjálfanda, Hríseyjar og hluta Grímseyjar, sbr. kafla 5.2 hér að framan. Er í þessu sambandi meðal annars litið til þess að um er að ræða eyjur sem voru í byggð í meira en 20 ár frá gildistöku laga nr. 46/1905 um hefð.

Tekið er fram að hér er aðeins átt við meginland ofangreindra eyja. Þjóðlendukrafa ríkisins nær hins vegar til allra eyja, skerja og annarra landfræðilegra eininga ofansjávar á stórstraumsfjöru umhverfis eyjurnar, þrátt fyrir að slíkar landfræðilegar einingar kunni í einhverjum heimildum að teljast tilheyra eyjunni eða vera hluti hennar. Sjá að öðru leyti kafla 5.2 og 5.3 kröfulýsingar þessarar.

6. ÁSKILNAÐUR OG FYRIRVARI

Áskilinn er réttur til að koma að frekari sjónarmiðum og röksemdum fyrir þjóðlendukröfum á síðari stigum málsmeðferðar fyrir óbyggðanefnd, eftir atvikum með því að færa þjóðlendukröfur inn á kröfukort, svo og til að gera breytingar á kröfulínum þar sem það á við. Þá er áskilinn réttur til að leggja fram ný sönnunargögn, eftir því sem tilefni gefst til. Ennfremur er áskilinn réttur til að leiða fram vitni við aðalmeðferð. Sérstakur fyrirvari er gerður vegna einstakra landamerkjálýsinga sem talið er af hálfu íslenska ríkisins í kröfugerð, að séu í samræmi við þjóðlendukröfulínum, ef í ljós kemur að svo reynist ekki vera.

Reykjavík, 2. febrúar 2024,
f.h. fjármála- og efnahagsráðherra vegna íslenska ríkisins,

Edda Andradóttir

Edda Björk Andradóttir, lögmaður

Óbyggðanefnd
Borgartúni 29
105 Reykjavík